

LÖGMANNABLAÐIÐ

16. árgangur | mars | 1/2010



Umfjöllun um
heimasíður
lögmannna



Skjaldborg
norskra
lögmannna um
þagnar-
skylduna



Endast konur
skemur í
lögmenntu
en karlar?



Lögmannafélag
Íslands

Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson: Frá ritstjóra	4
Lárentsínus Kristjánsson: Pistill formanns	10
Tillögur um breytingar á innheimtulögum	11
Húsleit á lögmannsstofum - trúnaðarskylda lögmannna	16
Lögmannanámskeið	16
Stjórnarsýsla og málskot í gjafsóknarmálum	17
Drög að viðmiðunarreglum dómstólaráðs um málskostnaðarákvörðun á áritaða stefnu í útvistarmáli	23
Eyrún Ingadóttir: Fréttir frá félagsdeild	25
Samkeyrsla upplýsinga vegna lögbundins eftirlits með lögmönnum	26
Beiðni um niðurfellingu málflutningsréttinda	26
Fjárhæð þóknunar lögmannna og sérfróðra meðdómsmanna í gjafsóknarmálum	29

Umfjöllun

Heimasíður lögmannna	6
Ingvi Snær Einarsson: Siðareglur lögmannna veita aðhald	19
Katrín Theodórsdóttir: Endast konur skemur í lögmennsku en karlar?	30

Aðsent efni

Margrét Gunnarsdóttir: Norskir lögmennt slá skjaldborg um þagnarskylduna í skattamálum	14
Jakob Möller: Stormur tíðarinnar: Hæstiréttur og samfélagið	20
Eiríkur Tómasson: Aðkoma leikmanna að úrlausn sakamála	28

Á léttum nótum

Tómas Jónsson: Kynslóðaskiptum slegið á frest	12
Úr myndasafni: Minnisvarði afhjúpaður um Hafliðaskrá	29
Af Merði lögmanni	24
Uppákoma á námskeiði	27

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITSTJÓRN:
Ingvi Snær Einarsson hdl.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl., formaður
Hildur Friðleifsdóttir hdl., varaformaður
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
gjaldkeri
Hörður Felix Harðarson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Uppákoma var á námskeiðinu Vitna-
og aðilaskýrslur fyrir dómi til að sýna
fram á hversu mismunandi vitni upplifa
atburði og að því loknu var settur upp
réttarsalur í bókasafni félagsins.
Frásögn af námskeiðinu er á bls. 27.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689

RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 + Fax: 562 2517



Það sparast pláss og tími
með lausnum frá Rými

Rými býður óteljandi
lausnir fyrir skrifstofurýmið

- Skjalaskápar
- Teikningaskápar
- Starfsmannaskápar
- Geymsluhillur



*Hafið samband við ráðgjafa okkar
Ráðgjöf - Lausnir - Þjónusta*

Rými - Ofnasmiðja
Skemmuvegur 6 Kópavogur
Sími : 511-1100
www.rymi.is



**Þeir sem kunna að meta stuttar
boðleiðir og skjóta ákvarðanatöku
...eru fljótastir að flytja sig til okkar.**

Ágústa Finnbogadóttir, viðskiptastjóri Ármúla



Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.
Þannig á banki að vera.

- Kreditkort
- Ávöxtun innlána
- Veltureikningur
- Fjármögnun
- Ábyrgðir
- Gjaldeyrisreikningar
- Erlend viðskipti
- Innheimtuþjónusta
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Netbanki & þjónustuver

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

Kynntu þér málið á mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.



Borgartúni 26 · Ármúla 13a



Borgar Þór Einarsson hdl.

Dýrkeypt bjölluat í Brüssel

Íslendingar eiga mikla samleið með Evrópuþjóðum. Hinn sameiginlegi markaðurinn er Íslendingum mjög mikilvægur og aðgangur að honum með EES-samningnum hefur reynst íslenskum útflutningsgreinum mikil lyftistöng. Íslendingar eiga gott samstarf við flestar Evrópuþjóðir og menningarleg tengsl eru mikil.

Þess vegna er það í raun óskiljanlegt að íslenskum ráðamönnum skuli hafa dottið það í hug sl. haust að gera sögulegt at hjá þessum mikilvægu nágrönnum okkar. Aldrei áður í sögu þessa merka ríkjasambands hefur það gerst að stjórnvöld í Evrópuríki sæki um aðild án þess hafa stuðnings almennings fyrir slíkri innngöngu, og hvað þá án þess að hafa lýðræðislegan þingmeirihluta að baki sér sem er fylgjandi aðild að ESB.

En af hverju í ósköpunum á þetta mál erindi í leiðara Lögmannablaðsins? Hafa lögmenn ekki mismunandi skoðanir á kostum og galla ESB-aðildar, eins og aðrir? Er verið að nota þennan vettvang til að koma á framfæri sjónarmiðum gegn aðild. Svárið við því er nei. Hér er engin afstaða tekin til þess hvort aðild að Evrópusambandinu sé góð eða slæm, eða hvort það varði lögmenn nokkru yfir höfuð. Það sem hins vegar kemur lögmönnum við er eftirfarandi:

Íslenskt réttarkerfi, bæði dómstólar og stjórnvöld, glímur nú við verkefni af

stærðargráðu sem engan hefði órað fyrir. Gríðarlegur málafjöldi blasir við dómstólum og stjórnvöldum og hefur ekki undan við að leysa úr málum. Réttarkerfið er því hreinlega á mörkum þess að geta staðið undir hinu mikilvæga hlutverki sínu sökum álags og ónógra fjárveitinga. Þau réttarspjöll sem af öllu þessu leiðir kunna að reynast óbætanleg, að ekki sé talað um skaðann sem hlýst af minni tiltrúa almennings á skilvirkni réttarkerfisins. Gjaldheimta í réttarkerfinu hefur verið stóraukin, í sumum tilvikum um þúsundir prósent. Dregið hefur verið úr möguleikum til gjafsóknar og lítil sem engin von er á úrræðum til þeirra sem leita þurfa réttar síns gagnvart stjórnvöldum. Löggæsla í landinu hangir á horreiminni, að sögn þeirra sem þar starfa, og eftirlitsaðilar á borð við samkeppnisyfirlöngun vísu frá sér málum vegna manneklu.

Í þessari holskeflu miðri ákveða forystumenn ríkisstjórnarinnar að nú sé rétti tíminn til að hleypa af stokkunum einhverju mannfrekasta og flóknasta verkefni sem stjórnvöld mun nokkurn tímann taka að sér; aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þetta væri mögulega réttlætunlegt ef lýðræðislegur vilji stæði til þess að Íslendingar ættu að koma sér hið snarasta inn í Evrópusambandið. Þannig væri raunverulega verið að forgangsraða verkefnum og menn yrðu að sæta því að annað væri sett til hliðar.

Því er hins vegar alls ekki svo farið. Allar skoðanakannanir sem gerðar eru benda til þess að fylgismönnum aðildar fari hratt fækkandi og nálgast þeir nú sögulegt lágmark í slíkum könnunum. Og sjálf aðildarumsóknin, sem jú var vissulega samþykkt með meirihluta atkvæða á Alþingi, á hvaða grunni stendur hún?

Nokkrir þingmenn sem samþykktu umsóknina lýstu jafnframt yfir andstöðu sinni við aðild að ESB en til að skorast ekki undan merkjum í sögulegu stjórnarsamtarfi greiddu þeir atkvæði með ályktun um umsókn. Í ljós kom í atkvæðagreiðslunni að minnihluti þingmanna var í raun fylgjandi aðild og er það vafalítið einsdæmi að ríkisstjórn sendi inn aðildarumsókn að ESB á slíkum grunni. Það er raunar athugunarefni hvort þeir þingmenn, sem lýstu sig andvíga eigin atkvæði við atkvæðagreiðsluna, hafi brotið gegn þeirri stjórnarskrárbundnu skyldu að fylgja eingöngu sannfæringu sinni í störfum sínum á þingi.

Það má svosem búa við að íslenskir ráðamenn geri sig að athlægi meðal kollega sinna í Evrópu, að þeir mæti í hinar háu hallir í Brüssel með svo að segja allt niðrum sig, búnir að ýta á bjölluna í erindisleysu. Hitt er öllu verra þegar svona vanhugsað bjölluat dregur úr möguleikum ríkisvaldsins til að standa sómasamlega að þeim verkefnum sem skyldur þess heimafyrir kveða á um.



Örugg eyðing gagna

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 568 9095 · www.gagnaeyding.is

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,
Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalabýðandi.

Brautarholti 28 · 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!

Laganám við HR miðar að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

- 3ja ára grunnnám til BA-gráðu.
- 2ja ára framhaldsnám til meistaragráðu.

Kynntu þér metnaðarfullt og nútímalegt laganám á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Íslenskir lögmenn metnaðarlausir á Netinu?

Vefsíður lögmanna gegna vaxandi hlutverki í starfsemi þeirra. Langflestar lögmennsstofur halda úti vefsíðu þar sem meðal annars finna má upplýsingar um starfsemi þeirra og starfsfólk. Lögmennablaðið fékk til liðs við Soffíu Kristínu Þórðardóttur, ráðgjafa hjá TM Software, sem hefur viðtæka reynslu við gerð veflausna fyrir mörg af stærri fyrirtækjum landsins, til að meta heimasíður íslenskra lögmennsstofa.

Skoðaðar voru heimasíður hjá tæplega þrjátíu lögmennsstofum og voru gæði þeirra mjög mismunandi en almennt má segja að gæðin hafi verið minni en búast hefði mátt við. Fáar lögmennsstofur auglýsa starfsemi sína með hefðbundnum hætti og því eru vefsíður þeirra á netinu helsti snertiflöturinn við mögulega viðskiptavinum og í raun andlit stofunnar út á við. Kom það þess vegna nokkuð á óvart miðað við öflugna starfsemi margra þessara fyrirtækja hversu lítill metnaður væri lagður í að halda úti góðri vefsíðu.

Við mat á gæðum á vefsíðum lögmennsstofa voru nokkrir þættir lagðir til grundvallar. Má þar nefna útlit og yfirbragð, tæknilegir eiginleikar, aðgengi og notendavæni síðunnar, gæði og magn upplýsinga á síðunni, hvort og að hve miklu leyti upplýsingar væru aðgengilegar á erlendum tungumálum, hvort til staðar væri vefgreining sem nýtist stofunni til að halda utan um upplýsingar um heimsóknir á síðuna, og síðast en ekki síst hvort einhverjir lagalegir fyrirvarar væru á síðunni vegna efnis sem þar væri sett fram og meðferð persónuupplýsinga.

Vefsíður JP lögmanna og Lögmanna við Austurvöll þóttu standa framarlega þegar kom að upplýsingagjöf á heimasíðunni. Vefsíða Lögmanna við Austurvöll var aðeins önnur af tveimur stofum sem hafði kort af staðsetningu á síðunni. Hún skar úr með afgerandi hætti þegar kom að því að hafa skýrar upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og höfundarrétt á efninu sem birtist á síðunni. Nokkuð hvítleitt var þó að upplýsingar um starfsmenn stofunnar opnuðust í svokölluðum popp-upp glugga. Vefur JP lögmanna er efnismikill og nýtir sér þar að auki svokallaðar RSS veitur til að birta upplýsingar um nýsamþykkt lög og fréttir frá dómsmálaráðuneytinu. Einnig þótti kostur að aðgangur að málum í brennidepli var aðgengilegur beint á forsiðu vefsins þó stofan haldi ekki út eiginlegri fréttasíðu. Vefurinn var einnig meðal þeirra fáu sem birtu einhvers konar fyrirvara um efni síðunnar.



Stærsta lögmansstofa landsins, Logos, var ekki talin hafa lagt mikið upp úr útliti síðunnar en síðan þótt hins vegar efnismikill. Skýr flokkun á sviðum með tengingu við sérfræðinga stofunnar á viðkomandi sviðum lyfti síðunni upp. Það var enn fremur talið henni til tekna að á henni var hægt að hlaða niður rafrænu nafnspjaldi allra starfsmanna til að vista beint í tengiliðalista á póstforritum. Slíkt er einfalt í uppsetningu og mætti hvetja fleiri stofur til að bjóða upp á þennan möguleika.



Þrjár vefsíður þóttu standa uppúr þegar metið var útlit og yfirbragð síðunnar, heimasíður Mandat, Fortis og OPUS lögmanna. Vefsíður Mandat og Fortis þóttu í meira mæli en síður annarra lögmansstofa í takt við nýjstu strauma í hönnun og útlit vefsíðna, og þóttu bæði einfaldar og snyrtilegar. Vefsíður OPUS lögmanna þótti einföld og stílhrein, og fékk þar að auki prik fyrir að vera ein af fáum síðum lögmansstofa sem skartaði öðrum lit en gráum, bláum og svörtum. Nær allar vefsíðurnar sem skoðaðar voru höfðu til staðar enska útgáfu, annað hvort af vefsíðunni í heild eða einstökum hlutum. Sumar stofur voru þar að auki með ítarlega texta á norrænum tungumálum en vefsíða OPUS lögmanna státaði af upplýsingum um starfsemi stofunnar á fjórtán tungumálum.

Aðgangur að verðskrá var ekki til staðar nema á fáum síðum og kom það nokkuð á óvart. Þær síður sem státuðu af skýrum aðgangi að verðskrá voru JP lögmenn, Logos og Lex. Sú síðastnefnda vakti einnig athygli fyrir skýra flokkun og aðgreiningum á málaflokkum. Viðskiptavinir kunna að meta það þegar fyrirtæki hafa allt upp á borðum í þessum málum og það þykir líka í takt við vaxandi kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja um heiðarleika og gagnsæi.



Deloitte.

Þjónusta fyrir skiptastjóra

Deloitte hefur viðtæka þekkingu og reynslu af rannsóknarvinnu og öðrum verkefnum sem skiptastjórar og umsjónarmenn/aðstoðarmenn hafa á sinni könnu.

- Sérhæfð rannsóknarvinna og aðstoð við málaferli
- Upplýsingaöflun um viðskiptavinir
- Sérhæfð þjónusta á greiðslustöðvunartíma

Nánari upplýsingar veitir:
Vala Valtýsdóttir, s: 580-3036
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte
vala.valtysdottir@deloitte.is

www.deloitte.is




Athygli vakti að mikill minnihluta lögmannsstofa nýtir sér vefgreiningu á vefsíðum sínum. Með vefgreiningu má greina hvaðan gestir á vefsíðunni koma, hvaða efni síðunnar er mest skoðað, hvaða aðgerðir notendur hafa framkvæmt, hversu lengi þeir dvelja á síðunni o.s.frv. Vefgreining er öflugt tæki til að meta á hvað ber að leggja áherslu á vefsíðunni hverju sinni.

Það er varla hægt að kasta fram umfjöllun sem þessari nema koma með ábendingar um hvernig vel má gera. Notendur gera miklar kröfur til vefsíðna í dag og rannsóknir sýna að notendur nota leit í auknum mæli við að hjálpa sér að finna upplýsingar. Það er því mikilvægt fyrir fyrirtæki að síður þeirra séu vel sýnilegar á helstu leitarvélum og hefur Google lang hæstu markaðshlutdeildina á Íslandi. Til að skora hátt í niðurstöðum á leitarvélum þarf að huga að mörgum þáttum en skynsamlegast er að leggja áherslu á að grunnurinn sé góður og þar skiptir efni síðunnar, síðutitlar og lesanlegar slóðir miklu máli ásamt því að vefforritun fylgi viðurkenndum stöðlum. Best er að halda sig við viðteknar venjur í uppsetningu og framsetningu vefsíðna en það þýðir alls ekki að vefsíðan þurfi að vera líflaus og óáhugaverð. Ef skoðaðar eru vefsíður 10 stærstu lögfræðistofa í Bretlandi þá má ýmislegt læra af þeim og eru t.d. fyrirtækin Linklaters, DLA Piper, Norton Rose og Slaughter and May að gera áhugaverða hluti.



Með aukinni þátttöku notenda á svokölluðum samfélagsmiðlum er einnig nauðsynlegt að fylgjast með orðspori fyrirtækisins svo hægt sé að bregðast við neikvæðri umfjöllun sem skaðað gæti fyrirtækið. Íslensk fyrirtæki eru byrjuð að feta sín fyrstu skref með þátttöku á slíkum miðlum og eru nokkur fyrirtæki að standa sig vel í þeim málum t.d. flugfélögin Icelandair og Iceland Express, símafyrirtækin Síminn og Nova og Íslandsbanki svo einhver séu nefnd.

Íslendingar eru líka óðum að tileinka sér farsímavefi í auknum mæli. Við gerð farsímavefja er nauðsynlegt að huga að því að í þeim tilfellum er viðskiptavinurinn líklega staddur utan vinnustövar og að leita að upplýsingum á borð við símanúmeri, upplýsingum um tengilið eða staðsetningu. Farsímavefir þurfa að taka mið af þessum markmiðum notenda og setja fram þær upplýsingar sem helst koma að gagni í þessum tilfellum.



Niðurstaða þessarar lauslegu úttektar Lögmannsblaðsins á vefsíðum íslenskra lögmannsstofa er sú að fremur lítill metnaður er almennt lagður í þennan þátt. Vefsíðurnar eru flestar mjög keimlíkar, bæði að útliti og efnisinnihaldi. Í ljósi þess að hefðbundin markaðssetning á lögmannsþjónstu með auglýsingum í blöðum eða ljósavakamiðlum er mjög takmörkuð, kemur á óvart að lögmenn skuli ekki leggja meira upp úr því að halda úti öflugum og góðum vefsíðum.

Heimild:
http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_largest_UK_law_firms

ÞARFT ÞÚ FRAMÚRSKARANDI VEFSÍÐU?



Traustur samstarfsaðili

www.outcome.is



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Aðhald og rökstudd gagnrýni

Ég hef ítrekað í pistlum mínum varað við þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarin misseri í réttarkerfinu. Þar hef ég endurómað ályktanir stjórnar Lögmannafélags Íslands sem hefur ítrekað mótmælt ýmsum áformum stjórnvalda í þessum málum eða þá athafnaleysi. Stundum höfum við haft erindi sem erfiði en of oft hefur ekki verið tekið nægjanlegt tillit til okkar sjónarmiða. Ég er þess hins vegar fullviss að góðar ábendingar og vel rökstudd gagnrýni frá lögmönnum og stjórn Lögmannafélags Íslands veiti stjórnvöldum mikið aðhald. Þrátt fyrir allt verð ég var við mjög ríkan vilja hjá yfirvöldum dómsmála við að taka tillit til okkar sjónarmiða. Þá stöðu hefur félagið skapað sér í árána rás með vel ígrunduðum en hófstílltum athugasemdum og ábendingum við þeim tillögum sem fram hafa komið og varðað hafa framþróun réttarins og réttaröryggis.

Slæm staða þjóðarbúsins hefur óneitanlega verið aflvaki flestra þeirra breytinga

sem orðið hafa og lögmenn hljóta að sýna skilning á því. Rétt er þó að halda því til haga að nokkuð hefur verið bætt við fjárframlög til dómstólanna og þeir eflir. Er það vel en betur má ef duga skal. Grundvallaratriðið er að því réttarkerfi og lagaumhverfi sem við höfum búið við verði ekki fórnað vegna stundarhagsmuna. Iðulega heyrast raddir um að víkja eigi frá ýmsum mikilvægum meginreglum sem sjaldan eða aldrei voru dregnar í efa fram að bankahruni. Ályktanir frá stjórn Lögmannafélags Íslands um að standa verði vörð um grundvallarreglur réttarríkisins á þessum umbrotatímum hafa til marks um þetta verið gagnrýndar harðlega af ýmsum aðilum. Þessi varðstaða og varnarbarátta er hins vegar að mínu mati mikilvægasta hlutverk okkar nú um stundir í samvinnu við stjórnvöld og sátt við almenning. Við erum samt sem áður ætíð reiðubúin að ræða hugmyndir um breytta og bætt skipan en slík umræða verður að vera vönduð og vel undirbúin. Dæmi um slíkt jákvætt skref er að mínu mati nýlegt frumvarp dóms-

málaráðherra um breytingar á lögum um dómstóla sem leggur til breyttar aðferðir við skipan dómara (þingskj. 698 – 390. mál).

Það verður að segjast eins og er að í tæplega tuttugu ára lögmennstíð minni minnst ég þess ekki að lögmenn hafi sætt eins mikilli gagnrýni í þjóðfélaginu eins og verið hefur eftir bankahrunið. Sú gagnrýni er að mörgu leyti mjög skiljanleg þrátt fyrir að við lögmenn teljum hana ábyggilega að mestu óréttmæta. Ég hef litið svo á að ekki hafi verið lag undanfarin misseri til að rétta þennan kúrs en tel okkur nauðsynlegt og hollt að skoða hvernig bæta má ímynd og ásjónu stéttarinnar.

Ég hef ákveðið að eftir fimm ár í stjórn og varastjórn Lögmannafélags Íslands sé kominn tími til að rýma fyrir nýju fólki. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka mínum ágætu félögum sem starfað hafa í stjórnnum og varastjórnnum félagsins undanfarin ár kærlega fyrir ánægjulegt samstarf sem aldrei hefur borið skugga á. Einnig þeim fjölda fólks sem starfað hefur í nefndum á vegum félagsins; fastanefndum, ad hoc, ritstjórum og ritnefndum Lögmannablaðsins. Síðast en ekki síst starfsfólki félagsins þeim Eyrúnu, Hjördísi og Ingimar framkvæmdastjóra fyrir aldeilis frábært starf.



Arion banki

Tillögur um breytingar á innheimtulögum nr. 95/2008

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur sent erindi til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins vegna fyrirhugaðra breytinga á innheimtulögum nr. 95/2008. Auk ábendingar um að leiðrétta þurfi ákvæði 2. mgr. 15. gr. núverandi laga, þar sem eftirlit með lögmonnum sé lögum samkvæmt í höndum Lögmannafélags Íslands en ekki úrskurðarnefnd lögmanna, er í erindinu bent á að í ljósi óskýrleika gildandi laga og ríkjandi ágreinings um túlkun, þurfi að skilgreina betur hugtakið „löginnheimtu“ samkvæmt 2. mgr. 1. gr. innheimtulaganna og skýra með markvissum hætti á hvaða tímapunkti löginnheimta hefjist. Að mati stjórnar félagsins sé rétt að líta svo á að þegar skuld hefur verið send lögmanni til innheimtu og hann hefur innheimtuaðgerðir með því að senda skuldara lokaviðvörðun um greiðslu, áður en málinu er stefnt fyrir dóm, sé löginnheimta hafin og lögmanni því heimilt að bæta innheimtuþóknun samkvæmt gildandi gjaldskrá við kröfuna, enda séu úrræði frum- og milliinnheimtu samkvæmt innheimtulögum tæmd áður en til þessa kemur. Bendir stjórnin á að lokaviðvörðun af þessu tagi heyri til góðra lögmansháttá, sé í þágu hagsmuna skuldara og komi í veg fyrir að lögmanni sé í raun þröngvað til að hefja innheimtuaðgerðir með útgáfu stefnu til að fá innheimtuþóknun vegna vinnu sinnar greidda.

Þá telur stjórn Lögmannafélagsins eðlilegt að skýra betur lögsögu eftirlits með innheimtustarfsemi gagnvart lögaðila sem er í eigu félags í eigu lögmans/lögmansstofu. Bendir stjórnin á að samkvæmt 2. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1210/2008, um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi, þurfi lögaðili sem er að öllu leyti í eigu lögmans/lögmanna og/eða lögmansstofa ekki innheimtuleyfi að því skilyrði uppfylltu að starfsemin falli undir eftirlit Lögmannafélags Íslands. Í framkvæmd hefur sama verið talið gilda um dótturfyrirtæki slíkra innheimtufyrirtækja eða eignarhaldsfélaga. Telur stjórn Lögmannafélagsins umhugsunarvert hvort ekki sé eðlilegra að skilgreina eftirlitshlutverk félagsins þrengra í innheimtulögunum þannig að það nái aðeins til innheimtustarfsemi sem rekin er af lögmanni/lögmansstofu beint eða eftir atvikum í dótturfélagi í beinni eigu lögmans og/eða lögmansstofu. Ef fleiri milliliðum er hins vegar bætt við á milli lögmans/lögmansstofu og innheimtustarfseminnar sé heppilegra að slík innheimtustarfsemi sæki um innheimtuleyfi og eigi þá undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

II

Námsferð til Tallinn

Dagana 22. - 27. september mun félagsdeild LMFÍ standa fyrir námsferð til Tallinn í Eistlandi sem þykir ein fallegasta borg Evrópu með borgarmúrum frá miðöldum og gömlum bæjarhluta sem á engan sinn líka.

Flogið verður til Tallinn í gegnum Stokkhólm miðvikudaginn 22. september. Á fimmtudeginum verður leiðsögn um borgina sem er stundum kölluð eitt best varðveitta leyndarmál Evrópu. Á föstudeginum verður fagleg dagskrá, nánar auglýst síðar, en á laugardeginum verður farið dagsferð út úr borginni, í þjóðgarðinn Lahemaa National Park sem er einstök náttúruparadís. Endað verður á miðaldarkvöldverði á hinum fræga veitingastað Olde Hansa í Tallinn. Mánudaginn 27. september verður siglt með ferju til Helsinki og flogið þaðan til Íslands.

Verð

Kr. 135.000,- m.v. tveggja manna herbergi

Kr. 149.500,- m.v. eins manns herbergi.

Innifallið er flug, flugvallarskattar, ferðir til og frá flugvelli, gisting með morgunverði, skoðunarferð um borgina ásamt hádegisverði, dagsferð í þjóðgarð ásamt hádegisverði, hátíðarkvöldverður á miðaldarveitingahúsi og sigling til Helsinki.

Skráning stendur til 15. apríl en kr. 40.000,- staðfestingargjald greiðist fyrir 1. maí.

f.h. félagsdeildar LMFÍ

Eyrún Ingadóttir





Lögmenn lögðu allt í sölnurnar í hita leiksins en komu þó ósárir af velli. Frá vinstri, Eiríkur Hauksson hdl., Daníel Pálmason og Bjarni Þór Bjarnason. Ekki er hægt að þekkja þann sem laut í duft í þetta sinn.

Kynslóðaskiptum slegið á frest

Hið árlega jólasnappamót LMFÍ var haldið 18. desember sl. og mættu 7 lið til leiks í Framhúsinu.



Sumir reittu hár sitt meira en aðrir. f.v. Grétar Jónasson og Jón Ármann Guðjónsson

Allir sem hafa fylgst með knattspyrnumótum LMFÍ síðustu áratugina vita að tvö lið hafa borið höfuð og herðar yfir önnur lögfræðimenntuð fótboltalið, nefnilega „Reynsla og Léttleiki“ og „Grínarafélagið“. Valdatími þessara liða hefur verið langur, sumir segja 20 ár, og liðin skipuð nánast sömu leikmönnum allan þann tíma. En margt hefur breyst á þessum árum og nú gengur fyrrnefnda liðið einungis undir nafninu Reynslan, enda er ekkert við liðið sem minnir lengur á léttleika, og enginn man lengur hvað var fyndið við Grínarafélagið.

Sökum lasleika og örkuml félagsmanna náði Grínarafélagið ekki í lið fyrir mótið. Ein styrkasta stoð liðsins og fyrirliði, Smári Hilmarsson, treysti sér ekki einu sinni til þess að sitja við ritaraborðið og skrá stigin og varð því að kalla út varalið í það verk. Reynslunni tókst að skrapa

saman liði á síðustu stundu en án varamanns. Nú var lag fyrir önnur lið að taka völdin. Lið ungra og léttleikandi og kynslóðaskiptin voru yfirvofandi.

Og margir gerðu tilkall til. Ber þá fyrst að nefna liðið FC S18, sem stendur fyrir Fótboltafélagið Suðurlandsbraut 18. Þrátt fyrir þetta óþjála nafn voru þeir sennilega með sterkasta liðið á pappírnum, einvalalið frækinna knattspyrnunnillinga. Lið Opus lögmanna var geysisterkt og FC Mörkin var til alls líkleg. LOGOS er hins vegar þekkt fyrir margt annað en knattspyrnu og á því varð engin breyting að þessu sinni.

Mótið gekk ótrúlega vel fyrir sig þrátt fyrir fjarveru Smára, sem hefur stjórnað þessum mótum frá því að elstu leikmenn Þrumunnar muna. Margóft voru sýnd frábær tilþrif eins og myndir af mótinu sýna ef ljósmyndarinn hefur



Leikmenn Þrumunnar eru ennþá stórefnilegir. F.v. Brynjólfur Eyvindsson, Magnús Brynjólfsson og Bjarni Þór Bjarnason, leikmaður Logos, í hita leiksins.

staðið sig. Einkum þóttu yngri knattspyrnumenn liprir og sýna eldri hæstaréttarlögmönnum hæfilegt virðingarleysi í tæklingum og öðrum viðskiptum á vellinum. En það dugði þó ekki til og skemmst er frá því að segja að yngri lið urðu reynsluleysinu að falli gegn Reynslunni. Þau náðu einfaldlega ekki að leysa upp geysiflókið leikkerfi Reynslunnar sem fólst í því að láta boltann ganga mjög rólega fyrir utan teiginn og bíða þar til rétta færið gafst. Stundum óralengi og jafnvel hálfan leikinn. Lið Lögfræðistofu Reykjavíkur stóð einna mest í Reynslunni og var eina liðið sem náði að taka af þeim stig.

Murkuðu fram jafntefli og þakka þann árangur því helst að hafa of oft orðið fyrir barðinu á umræddu leikkerfi. Lærðu sem sagt af reynslunni.

Lokastaðan varð þessi:

Reynslan	510	16 stig
FC S18 411	13	
Opus	312	10
LR	222	8
Logos	132	6
Mörkin 114	4	
Þruman 015	1	

Niðurstaðan var því að kynslóðaskiptunum var slegið á frest og ekki sér



Þeir sem trónuðu á toppnum, Reynslan í fyrsta sæti og Opus í öðru sæti, fengu verðlaunapening um háls og koss frá fyrrverandi kammerjómfrú. Ekki amalegt það!

enn fyrir endann á valdatíma Reynslunnar og Grínarafélagsins. Frammistaða Þrumunnar undirstrikar þessa niðurstöðu en eins og allir vita er það félag skipað enn eldri leikmönnum, ótrúlegt en satt. Þruman spilaði á köflum stórglæsilegan fótbolta þó að nokkuð vanti upp á að það hafi endurspeglast í stígatöflunni. Þruman heldur því áfram að vera efnileg.

Tómas Jónsson hrl.



Litlaþrent
Stórt verk lítið mál

prent.is

Litlaþrent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



Margrét Gunnarsdóttir, advokat hjá lögmannsstofunni Tommessen í Osló:

Norskir lögmennt slá skjaldborg um þagnarskylduna í skattamálum

Á haustmánuðum 2009 deildu lögmennt og fulltrúar skattstjóra um inntak og eðli þagnarskyldunnar og skattaskjól í norska dagblaðinu Aftenposten. Ástæðan fyrir þessum snörpu orðaskiptum var tvíþætt. Í fyrsta lagi höfðu komið fram tillögur skattsvikanefndar fjármálaráðherra þess efnis að víkja ætti til hliðar þagnarskyldunni í ákveðnum mála-flokkum sem tengjast skattsvikum. Í öðru lagi hafði komið upp ágrein-ingur í ákveðnum málum þar sem skattyfirvöldum hafði verið neitað um afhendingu gagna á grundvelli þagnarskyldunnar.

Norska lögmannafélagið, undir forystu Berit Reiss-Andersen, hefur lagt áherslu á mikilvægi þagnarskyldunnar í daglegum störfum lögmanna en þessi umræða í Noregi á margt sameignlegt með þeirri sem hófst á Íslandi í kjölfar frumvarps til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá tókst LMFÍ að hindra að þagnarskyldunni væri vikið til hliðar og að lögmennt væru undantekningarlaust skyldugir að láta í té upplýsingar, gögn (þ.á.m. skýrslur,

skrár, minnisblöð og samninga) og skýringar sem nefndin færir fram á.

Tillögur skattsvikanefndar

Í byrjun árs 2009 skilaði skattsvikanefnd fjármálaráðherra álitu sínu en hlutverk hennar var að endurskoða lagaumhverfi í skattamálum og koma með tillögur að úrræðum gegn skattsvikum. Tillögur nefndarinnar fólust m.a. í því að víkja ætti til hliðar ákvæðum um þagnarskyldu lögmanna í skattsvikamálum þar sem samfélagsleg rök væru fyrir því að upplýsa slík brot og að þagnarskyldan ætti því ekki að standa í vegi fyrir upplýsingaskyldu. Fjármálaráðuneytið lagði í kjölfarið fram tillögur að lagabreytingum þar sem heimildir yfirvalda til upplýsingaöflunar voru rýmkaðar. Þessar tillögur hafa mætt mikilli mótstöðu lögmanna og eru nú til umræðu í þinginu.

Þagnarskyldan og skattaskjól

Sumarið 2009 fengu skattyfirvöld fyrir tilviljun veður af millifærslum milli reikninga ákveðinna lögmannastofa og fjármálastofnana í löndum sem talin

eru vera skattaskjól. Um var að ræða mjög háar fjárhæðir á fimm ára tímabili. Skattyfirvöld gerðu húsleit á þessum lögmannastofum, kröfðust upplýsinga um nöfn þeirra umbjóðenda er stóðu að baki millifærslunum og öll gögn sem tengdust þessum færslum. Lögmanna-stofurnar báru fyrir sig þagnarskyldu og neituðu að afhenda umrædd gögn enda er það með öllu löglegt að millifæra fjármuni milli Noregs og annarra landa, þó að um skattaskjól sé að ræða. Þá voru ekki fyrir hendi neinar grunsemdir af hálfu yfirvalda að um refsivert athæfi væri að ræða heldur var þetta almenn fyrirspurn.

Lögmannastofurnar kærðu málið til Skattedirektoratet og telja að ekki sé fyrir hendi lagaheimild til þess að krefja um aðgang að gögnum á þessum grunni. Þar bíður málið nú úrlausnar. Vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða hafa lög-mannastofunnar lýst því yfir að þær muni, ef þörf krefur, fara með málið fyrir Hæstarétt Noregs. Norska lögmannafélagið hefur stutt lögmanna-stofurnar í verki með því að skipa sér við hlið þeirra á fundi með

skattyfirvöldum. Á meðan liggja umrædd gögn í innsigliðum kössum.

Á sama tíma og skattyfirvöld stóðu í stappi við lögmansstofurnar kom úrskurður frá Skattedirektoratet í ótengdu máli sem einnig varðaði kröfu skattyfirvalda um aðgang að gögnum. Þar var um að ræða kröfu um afhendingu gagna vegna skatteftirlits eftir norskum lögum um tekjuskatt. Samkvæmt þeirri löggjöf hvílir upplýsingaskylda á skattgreiðendum sem svipar til 94. gr. íslenskra laga um tekjuskatt með einni mikilvægri undantekningu. Í 5. mgr. 94. gr. íslensku laganna er kveðið á um að trúnaðar- og þagnarskylduákvæði annarra laga víki fyrir upplýsingaskyldu. Norsk lög um tekjuskatt innihalda ekki slíka undantekningu frá þagnarskyldunni.

Fyrirtækið sem neitaði afhendingu gagna gerði það á grundvelli þess að ekki væri skýr lagaheimild í umræddri löggjöf fyrir aðgangi að þeim vegna þess að þau féllu undir þagnar- og trúnaðarskyldu lögmanna. Skattedirektoratet staðfesti þessa túlkun í úrskurði sínum.

Í kjölfarið hófust mikil blaðaskrif og sitt sýndist hverjum:

- Skattyfirvöld vísuðu til tillagna skattvikanefndar og kölluðu á laga-breytingar sem miðuðu að því að rýmka heimildir þeirra til upplýsinga-öflunar. Telja skattyfirvöld að ríkir samfélagslegir hagsmunir séu fyrir því að upplýsa slík mál og að því þurfi þagnarskyldan að víkja.
- Norska lögmannafélagið lagði

áherslu á að þagnarskyldan væri hornsteinn réttarríkja og mikilvægt að hún yrði ekki látin vika fyrir upplýsingaskyldunni. Benti lögmannafélagið á að tillögur um undantekningar frá þagnarskyldunni væru ekki gerðar af illum ásetningi heldur í þeim tilgangi að upplýsa erfið mál og sporna til að mynda við peningaþvætti og skattvikum. Þess vegna væri líka vandasamt að draga sanngjörn mörk milli þagnarskyldunnar og þarfar yfirvalda til þess að afla upplýsinga.

- Einstakir lögmenn bentu á að skattyfirvöld hefðu nú þegar ríkar heimildir til þess að krefja skattskylda aðila um aðgang að upplýsingum úr bókhaldi, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Þagnarskyldan væri forsenda þess að skjólstaðingar gætu trúað lögmanni sínum fyrir viðkvæmum upplýsingum í trausti þess að viðkomandi lögmaður verði ekki skikkaður til þess að veita yfirvöldum þessar upplýsingar seinna án samþykkis skjólstaðings síns.

Í Noregi fer nú fram pólitísk umræða um tillögur skattvikanefndar auk þess sem beðið er úrskurðar Skattedirektoratet í ofangreindu skattaskjólsmáli.

Þýðing fyrir íslenska lögmenn

Inntak og eðli þagnarskyldunnar samkvæmt norskri og íslenski löggjöf er hið sama enda byggja þessi lönd lagahefð sína á sama grunni. Þá er þagnarskyldan vernduð á grundvelli 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um

friðhelgi einkalífs og þegar um verjendur er að ræða er þagnarskyldan vernduð á grundvelli 6. gr. um réttindi sakborninga til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Bæði íslenska og norska lögmannafélagið eru aðilar að evrópsku lögmannasamtökunum CCBE með sömu siðareglur.

Þagnarskyldan skipan ríkan sess í evrópskum samkeppnisrétti. Vísað er til dóms Evrópudómstólsins í máli Akzo Nobel þar sem því var slegið föstu að gögn milli sjálfstætt starfandi lögmanna og skjólstaðings hans, féllu undir trúnaðarsamband lögmanna og skjólstaðings og væru því undanþegin rannsókn Framkvæmdarstjórnarinnar í samkeppnismáli.

Þess misskilnings gætir oft að þagnarskyldan sé til fyrir lögmenn og að tilgangurinn sé að breiða yfir glæpsamlegt athæfi. Það er vitaskuld ekki rétt. Hlutverk lögmanna er ekki einungis að veita skjólstaðingum sínum ráð heldur einnig að stuðla að því að við töku stjórnvaldsákvörðunar sé gætt málefnaþegra sjónarmiða. Þagnarskyldan er forsenda þess að skjólstaðingar lögmanna trúi þeim fyrir öllum upplýsingum og allir eiga að geta treyst því að þessar upplýsingar komi ekki fyrir augu annara nema samkvæmt skýru lagaboði og að slíkar upplýsingar verði ekki notaðar gegn þeim.

Í ljósi þeirrar umræðu sem nú á sér stað meðal bæði norskra og íslenskra lögmanna um þagnarskylduna er einsýnt að lögmenn þurfa oft að slá skjaldborg um þessi mikilvægu réttindi borgaranna.



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörur fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagöðja.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf., Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
hcimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is

Húsleit á lögmannsstofum

– trúnaðarskylda lögmanna

Í bréfi sem stjórn Lögmannafélags Íslands hefur sent Dómarafélagi Íslands er minnt á mikilvægi þess að trúnaðarskylda lögmanna sé virt. Bent er á að á undanförunum mánuðum hafi ítrekað farið fram húsleitir í húsa- kynnum lögmannsstofa hér á landi í tengslum við rannsóknir á meintum brotum skjólstæðinga lögmanna sem á þeim starfa. Hafi þessar húsleitir farið fram að undangengnum úrskurðum héraðsdómstóls, ýmist að beiðni sérstaks saksóknara eða efnahags- brotadeildar ríkislögreglustjóra.

Í bréfinu er vísað til 22. gr. lög- mannalaga nr. 77/1998, um trúnaðar- skyldu lögmanna, sem áréttuð sé í Codex Ethicus fyrir lögmenn. Þar er skýrt kveðið á um að lögmaður skuli aldrei án endanlegs dómsúrskurðar, sem beint er að honum sjálfum, eða skýlauss lagaboðs láta óviðkomandi aðilum í té gögn og upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi um skjólstæðing sinn eða fyrrverandi skjólstæðinga. Bent er á að trúnaðarskylda lögmanna sé ein af þeim grund- vallarreglum sem gilda um störf lögmanna alls staðar í hinum siðmenntaða heimi.

Tilvist þessarar reglu sé hluti af réttarvörslukerfinu enda hlutverk hennar að vernda rétt einstaklings til sanngjarnrar málsmeðferðar fyrir dómi með því að hvetja til upplýsingagjafar og opinskárna samskipta skjólstæðings við lögmann sinn án þess að eiga á hættu að slíkar upplýsingar séu notaðar gegn honum fyrir dómi. Án slíkrar opinskárrar umræðu um athafnir og/eða athafnaleysi skjólstæðings sé lögmanni nánast ómögulegt að tryggja skjólstæðingi bestu mögulega ráðgjöf.

Stjórn félagsins vísar til þess að sú ríka vernd um trúnað sem löggjafinn veiti skjólstæðingum lögmanna verði ekki rofin eða takmörkuð nema brýnir hagsmunir krefjist og þá jafnan aðeins samkvæmt skýlausu lagaboði eða að undanegnum dómsúrskurði. Í þessu felist að öll frávik frá meginreglunni beri að túlka þröngt og að gera verði ríka kröfu til dómstóla að þeir tryggi að ekki verði gengið lengra en nauðsyn krefur hverju sinni. Þannig verði að gera kröfu til þess að heimild til húsleitar sé vandlega rökstudd og sé takmörkuð við tiltekin gögn, á tilteknu tímabili, um nánar tiltekið

efni. Sé þessa ekki gætt sé hætt á að gengið verði of langt gegn rétti skjólstæðings og þá um leið trúnaðar- skyldu lögmanna, sem aftur grafi undan réttarkerfinu í heild sinni.

Loks segir í bréfi félagsins að íslenskt samfélag gangi nú í gegnum afar sérstaka tíma og ljóst að mikið álag verði á öllum helstu stöðum þess, þ.m.t. dómskerfinu. Slíkt megi þó ekki leiða til þess að gefnir verði afslættir af þeim grundvallarreglum sem hingað til hafa gilt, m.a. um réttláta málsmeðferð við rannsókn og meðferð máls fyrir dómi. Því hvetji stjórn Lögmannafélagsins Dómarafélag Íslands til að minna félagsmenn sína á að missa ekki sjónar af þessum grunvallarreglum í umróti komandi missera og brýni mikilvægi þess að rannsóknaraðgerðir af framangreindu tagi, sem beinast gegn lögmönnum og/eða öðrum sem trúnaðar- skyldur ná til, séu skýrt afmarkaðar og vandlega undirbúnar þannig að tryggt sé að ekki verði gengið lengra í slíkum aðgerðum en nauðsynlegt er. Afrit þessa bréf var send Rögnu Árnadóttur, dómsmála- og mannréttindaráðherra.

II

Lögmannanámskeið

Í lok febrúar s.l. hófst nýtt námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður og er það í 14. sinn sem slíkt námskeið er haldið. Alls eru 69 þátttakendur skráðir á námskeiðið að þessu sinni, þar af 46 sem þreyta prófraunina í fyrsta sinn, en 23 þátttakendur eru af fyrri námskeiðum og aðeins skráðir í einstök próf. Þátttakendur á námskeiðinu koma frá öllum fjórum lagadeildum háskóla hér á landi sem útskrifa nemendur með fullnaðarpróf í lögfræði.

Líkt og fjallað var um í 4. tbl. Lögmannablaðsins 2009, voru ríflega 1.550 nemendur skráðir í laganám við íslenska háskóla haustið 2009, en það svarar til um 0,5% landsmanna. Hvaða ályktanir draga má af þessari miklu ásókn í laganám er erfitt að segja en sjálfsagt hefur nokkuð gott atvinnuöryggi lögfræðinga í ríkjandi árferði einhver áhrif þar á auk almennrar fjölgunar nemenda sem stunda nám á háskólastigi. Þessi þróun hlýtur engu að síður að leiða hugann að því hvort raunverulega sé rými fyrir vaxandi fjölda lögfræðinga á næstu árum, að því gefnu að fjöldi þeirra sem útskrifast verði í sama hlutfalli og umrædd fjölgun nemenda. Einnig verður fróðlegt að sjá hversu hátt hlutfall nýrra lögfræðinga kemur til með að þreyta próf til réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á næstu árum og jafnframt hversu hátt hlutfall lögfræðinga sem ljúka réttindanámskeiðum muni virkja málflutningsréttindi sín og gerast félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands, en í þessu samhengi má nefna að félagsmönnum í Lögmannafélagi Íslands hefur fjölgað um ríflega 60% á undanförunum 10 árum.

II

Stjórnsýsla og málskot í gjafsóknarmálum

Nýlega hafnaði dómsmála- og mannréttindaráðuneytið beiðni hælisleitanda um gjafsókn vegna áfrýjunar á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1572/2009. Mál þetta var höfðað gegn íslenska ríkinu og Útlendingastofnun til ógildingar á ákvörðun stofnunarinnar um að synja aðila um hæli hér á landi, en ákvörðun stofnunarinnar var staðfest með úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2. október 2008.

Í synjun ráðuneytisins á gjafsókn í áfrýjunarmálinu sem kynnt var lögmanni gjafsóknarbeiðanda 21. janúar s.l., er vísað til umsagnar gjafsóknarnefndar um beiðnina. Þar kemur fram að umsækjandi hafi þegar fengið gjafsókn til að láta reyna á rétt sinn fyrir héraðsdómi. Hins vegar sé ekki sjálfgefið að gjafsókn sé veitt fyrir Hæstarétti enda hafi sönnunarfærsla farið fram fyrir héraðsdómi og í málinu liggja fyrir ítarlegur og rökstuddur dómur.

Í tilefni af niðurstöðu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins í þessu máli sendi stjórn Lögmannafélagsins dómsmálaráðherra bréf, þar sem gerðar eru tvær athugasemdir varðandi málsmeðferðina. Annars vegar vegna

rökstuðnings gjafsóknarnefndar þar sem hún virðist með ákvörðun sinni taka efnislega afstöðu til þess ágreinings sem til úrlausnar var fyrir héraðsdómi, með því að telja niðurstöðu dómsins svo afdráttarlaus að ástæðulaust sé að gefa Hæstarétti kost á að endurskoða hann. Telur félagið að með þessu sé gjafsóknarnefndin komin úr fyrir hlutverk sitt sem stjórnvald. Hins vegar gerir stjórn Lögmannafélags Íslands athugasemd við hæfi dómsmála- og mannréttindaráðherra við afgreiðslu gjafsóknarbeiðnarinnar í ljósi þess að ráðherra, sem er aðili dómsmálsins f.h. íslenska ríkisins, fjallaði sem stjórnvald á æðra stjórnsýslustigi um mál gjafsóknarbeiðanda og hafnaði beiðni hans um hæli. Stjórn félagsins telur einsýnt að bæði ráðherra og gjafsóknarnefnd, sem undir hann heyrir, hafi verið vanhæf við afgreiðslu málsins og hafi því átt að víkja sæti. Í bréfi stjórnar félagsins til dómsmála- og mannréttindaráðherra er ráðherra hvattur til að beita sér fyrir breytingum á gildandi reglum og vinnuferlum í málum sem þessum og stuðla að réttlátari málsmeðferð.

II

Úr myndasafni

Minnisvarði afhjúpaður um Hafliðaskrá

Í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974 lét Lögmannafélag Íslands reisa minnisvarða á Breiðabólstað í Vesturhópi um Hafliða Másson lögsögumann. Forystumenn félagsins fóru norður í Húnaþing og afhjúpuðu minnisvarðann. Á myndinni eru f.v. Sveinn H. Valdimarsson, Skúli Pálsson, Egill Sigurgeirsson, Páll S. Pálsson, Benedikt Sigurjónsson, Baldur Möller, Guðjón Steingrímsson og Sigurður Ólason.

Hafliði, sem lét gera fyrstu heildarskrá íslenskra laga veturinn 1117-1118, bjó á Breiðabólstað og var einn mesti höfðingi landsins á sinni tíð. Þegar Bergþór Hrafnsson var kosinn lögsögumaður á Alþingi 1117 þuldi hann upp lögin en ákveðið var að veturinn eftir skyldu þau rituð hjá Hafliða á Breiðabólstað með „umráði“ Bergþórs og annarra viturra manna. Þessi fyrsta lagaskrá hefur ýmist verið kölluð Hafliðaskrá eða Bergþórslæg. Ekkert hefur varðveist af henni og eru heimildir um hana fengnar í Íslendingabók Ara fráða. Eins voru fleiri lög rituð þennan vetur á Breiðabólstað, svo sem Vígslóði sem er sá hluti hinna fornu þjóðveldislaga sem fjallar um manndráp og áverka en hann varð síðar hluti af Grágás.

Þess má geta að máltækið „Dýr mundi Hafliði allur“ er komið vegna Hafliða Mássonar en hann átti í deilum við Þorgils Oddason sem hjó af honum einn fingur. Hafliði fékk sjálfðæmi í ákvörðun á greiðslu bóta og notfærði sér það óspart svo Þorgils á að hafa sagt: „Dýr mundi Hafliði allur, ef svo skyldi hver limur“.

EL





BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný máflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Pórarinn V. Pórarinsson hrl.
Forsar lögmansþjónusta slf.
Einimel 2
125 Reykjavík
Sími: 533-3333

Vilhjálmur H. Vilhjálmsen hrl.
Landslög ehf.
Köllunarklettsvegi 2
104 Reykjavík
Sími: 520-2900

Pórdís Bjarnadóttir hrl.
Lögfræðimiðstöðin ehf.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfjörður
Sími: 555-7722

Ný máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Daði Ólafur Elíasson hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

Jason Guðmundsson hdl.
Case lögmenn ehf.
Síðumúla 13
105 Reykjavík
Sími: 569-7070

Sigurður Örn Hilmarsson hdl.
Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206

Kári Hólmur Ragnarsson hdl.
Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206

Andri Freyr Stefánsson hdl.
Eignarhaldsfélagið Fengur hf.
Suðurgötu 22
101 Reykjavík
Sími: 594-2400

Ragna Björk Ragnarsdóttir hdl.
Kaupþing banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

Ósk Óskarsdóttir hdl.
Fulltingi, slysa- og skaðabótamál ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Arnaldur Jón Gunnarsson hdl.
Kaupþing banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6129

Kolbrún Garðarsdóttir hdl.
Íslandsbanki hf
Lynghálsi 4
155 Reykjavík
Sími: 440-2714

Birgir Már Björnsson hdl.
Megin lögmansstofa
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 520-4120

Helga Lára Hauksdóttir hdl.
Kaupþing banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

Snorri Stefánsson hdl.
Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
125 Reykjavík
Sími: 585-0700

Íris Björk Hreinsdóttir hdl.
Kvasir lögmenn
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 555-6006

Guðmundur Gísli Ingólfsson hdl.
Varnarmálastofnun Íslands
Þjóðbraut 1
235 Keflavíkurflugvöllur
Sími: 693-5912

Árni Huldur Sveinbjörnsson hdl.
Íslandsbanki hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
Sími: 844-4883

Nýr vinnustaður

Kári Hrafn Kjartansson
Avant hf.
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík
Sími: 412-2891

Margrét Einarsdóttir hdl.
Lex lögmansstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Jón Þór Ólason hdl.
Jónatansson & Co
Kringlunni 4-6
105 Reykjavík
Sími: 533-3434

Harpa Sólveig <> Björnsdóttir hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

Ólafur Kristinsson hdl.
KE Legal slf.
Kringlunni 7, 6.hæð
103 Reykjavík
898-7910

Eiríkur Gunnsteinsson hdl.
Lögmansstofa
Eiríks Gunnsteinssonar ehf.
Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími: 578-8860

Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.
Logia ehf.
Laugavegi 178
108 Reykjavík
Sími: 561-4680

Pyrí Halla Steingrimsdóttir hdl.
Síðumúla 28, 3.hæð
108 Reykjavík
Sími: 571-2092

Stefán Bogi Sveinsson hdl.
Kr.St. lögmenn
Austurstræti 10a
101 Reykjavík
Sími: 551-6412

Nýtt aðsetur

BBA / Legal
Höfðatorg, 18.hæð
105 Reykjavík
Sími: 354-550

Arnar Kormákur Friðriksson hdl.
Opus lögmenn
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 552-2299

Hrafnhildur Kristinsdóttir hdl.
Logos lögmansþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Árni Helgason hdl.
JÁS Lögmenn
Klapparstíg 16
101 Reykjavík
Sími: 561-5700

Lögmansstofa Rúnars S. Gíslasonar
Malarhöfða 2
110 Reykjavík
Sími: 581-3601

Lögmansstofa Hjördísar E. Harðardóttur
Lágmúla 7, 2.hæð
108 Reykjavík
Sími: 520-4120

Lögmansstofa Arnórs Halldórssonar
Lágmúla 7, 2.hæð
108 Reykjavík
Sími: 520-4120

Guðmundur Örn Guðmundsson hdl.
Sönn gildi ehf.
Ármúla 21
108 Reykjavík
Sími: 555-3410

Gunnar Thoroddsen hdl.
LGT Legal Services
Laugavegi 182, 4.hæð
101 Reykjavík
Sími: 820-0020

Pórey Aðalsteinsdóttir hdl.
Daltúni 10
200 Kópavogur
Sími: 553-5452

Siðareglur lögmannna veita aðhald

Í þeim efnahagslegu erfiðleikum sem nú eru á Íslandi gegna lögmennt mikilvægu hlutverki við að standa vörð um meginreglur réttarríkisins. Mikilvægt er að siðareglur lögmannna séu kynntar fyrir almenningi þannig að skilningur á hlutverki lögmannna aukist jafnframt því sem reglurnar séu aðhald að störfum þeirra.

Í næstu blöðum mun Lögmannsblaðið vekja athygli á nýlegum úrskurðum úrskurðarnefndar lögmannna þar sem störf lögmannna hafa þótt aðfinnsluverð vegna þess að þau hafa brotið í bága við siðareglur.

Dráttur á svörum lögmannna aðfinnsluverður

Lögmanni er skylt, að boði stjórnarinnar eða, eftir atvikum, úrskurðarnefndar lögmannna, að gera viðhlítandi grein fyrir máli sínu út af meintu broti eða ágreiningi um skilning á reglum þessum. Ber lögmanni í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvæðningum stjórnarinnar eða úrskurðarnefndarinnar (4. mgr. 43. gr. Codex ethicus).

Í mörgum málum sem koma til kasta úrskurðarnefndar hefur hún gert athugasemd við að kærður lögmaður hafði dregið að svara fyrirspurnum nefndarinnar ellegar vanrækt að senda henni umbeðin gögn. Er ljóst að í slíkum tilvikum getur málsmeðferð dregist úr hömlu og því hefur nefndin lítið umburðarlyndi gagnvart seinangangi og sinnuleysi lögmannna við að gera grein fyrir máli sínu.


Siðareglur lögmannna hafa að geyma vísiðareglur um hvað teljist almennt góðir lögmannshættir. Í 44. gr. reglnanna er áréttað að þær skuli ekki skoða sem tæmandi taldar um góða lögmannshætti. Í greinargerð sem fylgdi Codex ethicus kemur fram að lögönnum sé frjálst að leita upplýsinga um hvað teljist góðir lögmannshættir hjá stjórn lögmannafélagsins eða annars staðar. Auk þess má nefna að úrskurðir úrskurðarnefndarinnar geta verið hér til nánari skýringa um hvort tiltekin vinnubrögð lögmannna teljist vera góðir lögmannshættir eða ekki. Í máli nr. 20/2008 fann úrskurðarnefndin að mistökum sem urðu við breytingu á fyrirkalli í stefnu við málshöfðun. Í málinu hafði ekki tekist að birta stefnu fyrir kæranda fyrir lok stefnubirtingarfrests. Hinn kærði lögmaður ákvað þá að fresta þingfestingu málsins og breytti eintaki sínu til samræmis við það. Starfsmanni Íslandspósts sem átti að birta stefnuna fyrir kæranda breytti hins vegar einungis birtingarvottorðinu en ekki fyrirkalli í stefnunni. Fyrirkallið í stefnunni, sem kæranda var birt, var þannig með rangri dagsetningu og þingfesting því tilgreind 7 dögum áður en birting átti sér stað. Lögmaðurinn sendi hins vegar breytt eintak til héraðsdóms og það eintak var áritað af héraðsdómara og var síðar nýtt sem heimildarskjal til aðfarargerðar. Úrskurðarnefndin fann að þessum vinnubrögðum, þótt önnur mistökin mætti hugsanlega að hluta rekja til athafna starfsmanns

Íslandspósts, og taldi að þau hefðu getað skaðað hagsmunir kæranda.

Mörg fleiri mál komu fyrir nefndina á síðasta ári þar sem kærandi taldi brotið gegn tilteknum siðareglum án þess að úrskurðarnefndin væri sammála því mati. Meðal þeirra ágreiningsefna sem upp komu voru hvort hagsmunaráreksstur hefði átt sér stað í starfi tiltekins lögmanns (9. og 2. mgr. 11. gr.), um heimild lögmanns til að snúa sér beint til aðila máls um málefni sem annar lögmaður fór með (26. gr.) og hvort stafsetningarvillur og setningabrengr í greinargerð lögmanns til Hæstaréttar hefði farið gegn þeirri reglu sem mælir fyrir um vandaðan mála-tilbúnað lögmannna fyrir dómstólum (22. gr.). Einnig var nokkuð um að nefndin fjallaði ekki um atvik þar sem þau voru talin falla utan valdsviðs hennar, t.d. tilvik þegar lögmaður sem einnig var löggiltur fasteignasali, var talinn sinna starfi sem fasteignasali frekar en lögmaður í tengslum við fasteignaviðskipti.

Siðareglur lögmannna skipa mikilvægan sess í störfum lögmannna og veita störfum þeirra aðhald. Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar geta síðan verið mikilvægir við nánari túlkun á gildissviði reglnanna. Alla úrskurði nefndarinnar má lesa í heild á heimasíðu LMFÍ.

*Ingvi Snær Einarsson hdl.
tók saman.*





Jakob R. Möller, hrl. á LOGOS og frv. formaður
Lögmannafélags Íslands

Stormur tíðarinnar: Hæstiréttur og samfélagið

– Í tilefni 90 ára afmælis Hæstaréttar 16. febrúar 2010

Hæstiréttur Íslands var stofnaður með lögum nr. 22/1919, sem komu til framkvæmda 1. janúar 1920. Fyrstu dómarráttarins höfðu þá þegar verið skipaðir, það er frá 1. desember 1919. Mánudaginn 16. febrúar 1920 voru fyrstu dómarráttar hins nýja Hæstaréttar Íslands kveðnir upp, alls fjórir dómarráttar, og það er ástæða hátíðarhalda 16. febrúar ár hvert.

Fyrsti dómurinn um andvirði rekaspýtu

Fyrsti dómur réttarins var í málinu nr. 30/1919, sem dæmt var í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þann 17. desember 1918, en málið heitir: Sveinn Magnússon gegn Ingibjörgu Þorsteinsdóttur og fjallaði um tilkall til reka. Hinn áfrýjaði dómur var staðfestur, en þar var svo kveðið á að Sveinn Magnússon skyldi greiða Ingibjörgu Þorsteinsdóttur andvirði rekaspýtu er rak framundan lóð Sveins um síðastliðin áramót með 65 krónum, auk 12 króna í málskostnað. Sveinn var í Hæstarétti dæmdur til þess að greiða Ingibjörgu að auki 75 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Fyrsta mál Hæstaréttar sjálfs var mál nr. 1/1920, dómur var kveðinn upp 18. júní 1920.

Skipun dómara

Á þeim rúmu 90 árum sem liðin eru frá skipun fyrstu dómarráttaranna, var skipun dómara lengst af ekki vaki sérstakra deilumála. Almennu voru lögfræðingar sammála um að réttinn ættu að skipa fremstu lagamenn sinnar kynslóðar, sem lengst af tókst. Fyrir um það bil 20 árum fóru þó að heyrast raddir um að dómarráttar skipun ætti að endurspeglar samfélagið. Aldrei var alveg ljóst hvað þetta þýddi, en þó skýrt að almennu var þess saknað að fyrir utan Guðrúnu Erlendsdóttur var engin kona í Hæstarétti fyrr en núverandi forseti réttarins, Ingibjörg Benediktsdóttir, var skipuð dómari árið 2001 eftir að hafa verið settur dómari í heilt ár nokkrum árum fyrr. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að þegar Guðrún Erlendsdóttir lauk lagaprófi árið 1961 höfðu einungis fjórar konur áður lokið lagaprófi, þær Auður Auðuns, Rannveig Þorsteinsdóttir, Auður Þorbergsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Nú stundar stór hópur kvenna lögfræðistörf, þar á meðal sístækkandi hópur í þeim störfum héraðsdómara, hæstaréttarlögmannna og lagaprófessora þaðan sem dómarráttar hafa einkum komið

samkvæmt lögum og venju. Þess má því vænta að konum í dómarráttarum í Hæstarétti fjölgi á næstu árum.

Til þess að öllu sé nú til skila haldið, og án þess að mín skoðun skipti í sjálfu sér nokkru máli, tel ég að til dómstarfa í Hæstarétti eigi, að uppfylltum almennum hæfisskilyrðum, að velja þau sem búa yfir beztri og árangursríkastri lögfræðisþekkingu og starfsreynslu. Ég tel kröfuna um endurspeglun samfélagsins villukenningu sem myndi leiða til ófarnaðar.

Fyrirhugaðar breytingar

Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur kynnt frumvarp um skipun dómara. Af því tilefni má minna á að fram til miðs tíunda áratugar síðustu aldar hafði menntamálaráðherra fullt formlegt veitingavald á kennarastöðum við Háskóla Íslands. Ráðherra var að sjálfsgöðu bundinn af almennum reglum stjórnsýsluréttar og síðar einnig ákvæðum stjórnsýslulaga en sú ábyrgð virtist þó ekki hvíla sérlega þungt á menntamálaráðherrum. Eftir umdeildar stöðuveitingar varð niðurstaðan sú, að þótt menntamálaráðherra héldi í fyrstu hinu formlega veitingavaldi var það fært til Háskólans



sjálfs og formlegt veitingavald ráðherra síðar afnumið. Af þessu hefði mátt draga þá ályktun, að stjórnvald sem ítrekað misnotaði vald sitt, mundi á endanum verða svipt því. Sá lærdómur virðist þó ekki hafa sokkið mjög djúpt í vitund stjórnarherra.

Fyrir var nefnt, að þar til fyrir tiltölulega fáum árum var skipun dómara við Hæstarétt almennt ekki tilefni deilumála. Skoðanir á dómaraefnum voru vissulega misjafnar, en ákvarðanir ráðherra voru þó yfirleitt ekki verulega umdeildar. Fyrir tæpum sjö árum sniðgekk ráðherra sem fór með veitingavaldið í fyrsta sinn lögbundnar umsagnir Hæstaréttar og þótt miklar deilur fylgdu í kjölfarið var þetta síðan endurtekið.

Rétt er að minna á, að frumvarp dómsmála- og mannréttindaráðherra er ekki orðið að lögum, en verði það samþykkt lítt breytt á Alþingi, verður það til mikilla bóta. Vilji ráðherra sniðganga lögbundna umsögn hæfnisnefndar, verður veiting að hljóta tilstyrk Alþingis og er að minnsta kosti ekki líklegt að ráðherrar kjósi þá leið. Frumvarpið sýnir þroska og skynsemi í embættisfærslu dómsmála- og mannréttindaráðherra sem er mikið ánægjufni.

Persónuleg afstaða til Hæstaréttar og lögfræðinnar

Einhvern veginn hafði mér áskapazt að bera virðingu fyrir Hæstarétti, að minnsta kosti allt frá námsárum mínum.

Um nokkurt árabíl fylgdist ég ekkert sérlega vel með þróun dómsmála, starfsvettvangur minn var þá fjarri dómstólum. Hlaut þó að fara svo, að mér líkaði niðurstaða dómsmála misvel. Samt hef ég alltaf treyst Hæstarétti. Líka í málum sem ég hef tapað fyrir réttinum. Í upphafi lögmannsstarfa minna við réttinn flutti ég æðimörg skaðabótamál þar sem tekizt var á um afstöðu tryggingarféлага, sem ég vann fyrir, til ákvörðunar skaðabóta fyrir líkamstjón. Þessi mál stöfuðu frá tímanum fyrir setningu skaðabótalaga nr. 50/1993. Frómt frá sagt hlaut afstaða tryggingarfélaganna ekki mikinn stuðning í Hæstarétti né heldur í héraði. Ég flutti því málin fyrir áfrýjanda og tapaði mörgum, ekki alveg en að miklu leyti. Miðað við réttarþróun og dómvenju gat ég ómögulega kvartað yfir niðurstöðum.

Í eðli lögfræðinnar liggur, að hún sé íhaldssöm fræðigreinin. Ástæðan er meðal annars sú, að lögfræðin hlýtur alltaf að líta til baka: Hverjar eru réttarheimildirnar,

hvaðan eru þær upprunnar og þá fyrst, hvernig verður þeim beitt. Á tuttugustu og fyrstu öld eru enn í íslenska laga-safninu virk ákvæði úr Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar frá 1275, m.a. um kirkjuvígslu og við höfum tekið í arf réttarfarsákvæði úr Rómarrétti, meðal annars um res judicata og bann við því að saksækja mann eða refsa tvisvar fyrir sama brot.

Á sama hátt og lögfræðin hljóta dómstólar að vera íhaldssamir í hinni beztu merkingu, halda því sem vel hefur reynzt og kasta því ekki fyrir róða vegna skemmtilegra nýmæla, nema sýnt sé að nýmælin séu að minnsta kosti jafngóð. Dómstólar eru að sjálfsögðu bundnir af lögum, enda segir í 61. gr. stjórnar-skrár:

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

Um flugmenn hefur verið sagt, að til séu gamlir flugmenn og djarfir flugmenn en ekki gamlir, djarfir flugmenn. Með svipaðri hugsun mætti ef til vill segja, að til séu reyndir lögfræðingar og róttækir lögfræðingar, en fáir reyndir og róttækir lögfræðingar.

Áhrif réttarins á samfélagið

Franski heimspekingurinn sem kallaði sig Voltaire mun eitt sinn hafa komizt svo að orði, að hættulegt væri að hafa rétt fyrir sér, þegar stjórnvöld væru á rangri skoðun.

Vafalaust var þetta viturlega mælt, en Voltaire lét þetta aldrei kúga sig og samfélagið mundi smækka óseggjanlega, ef hinir beztu menn létu undan slíkum skynsemisrökum. Hæstiréttur er hluti samfélagsins með kostum þess og göllum.

Eins og um aðra verður sú krafa gerð til dómara réttarins sem Stephan G. Stephansson orðaði svo í ljóði sínu „Við vatnið“:

Og lífsins kvöð og kjarni er það að líða og kenna til í stormum sinna tíða.

Árið 1803 gekk í Hæstarétti Bandaríkjanna dómur í málinu Marbury gegn Madison, þar sem dómstóll í fyrsta skipti hafnaði því að framfylgja lögum vegna þess að þau brytu í bága við stjórnarskrá.

Í íslenzkri lögfræði hafði það verið orðað frá því um aldamót 1900, að sama regla gæti gilt á Íslandi, það er að dómstólar hefðu vald til þess að hafna því að framfylgja lögum, ef þeir teldu að þau brytu í bág við stjórnarskrá. Á þetta reyndi í örfáum dómsmálum á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Fyrst var það þó í hinu fræga Hrafnkötlumáli árið 1943, sem kenningin kom til framkvæmda, H 1943.237. Í 2. gr. laga nr. 127/1941 var kveðið svo á, að íslenzka ríkið hefði einkarétt til að gefa út íslenzk rit sem samin voru fyrir 1400, svo og hefði Hið íslenzka fornritafélag heimild til útgáfu fornrita. Lá refsing við, ef brotið var gegn lögnum.

Þrátt fyrir þetta gáfu þrír menn út Hrafnkelssögu Freysgoða undir titlinum Hrafnkatla. Mál var höfðað gegn þeim, þeir voru sakfelldir í héraði, en tveir af þremur dómurum Hæstaréttar kváðu upp þann dóm, að ákvæðið bryti í bága við prentfrelsisákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar og yrði mönnunum því ekki refsað.

Í því samhengi sem ég er að fjalla um

þetta, er mjög athyglisvert að gæta lítillaga að sératkvæði þriðja dómarans sem vildi framfylgja ákvæðinu. Hann sagði meðal annars:

„Samkvæmt því sem rakið er að framan, finnst engin heimild í 67. gr. stjórnarskrárinnar handa dómstólum til að fella úr gildi lög nr. 127/1941, en dómstólar geta ekki virt að vettugi lög, sem almenni löggjafinn hefur sett, nema stjórnarskráin sjálf veiti ótvíræða heimild til þess.“

Satt að segja óar mig við þeirri hugsun, að sératkvæðið hefði orðið gildandi réttur. Leiða má getum að því, að temprunarvald dómstóla á valdbeitingu löggjafa og framkvæmdavalds hafi verið mjög til góðs á undanförunum áratugum. Mestu áhrif Hæstaréttar Íslands felast ef til vill í því, að gangi löggjafarvaldið of langt, kynni þessari réttarreglu að verða beitt.

Þrýstingur utanfrá

Á undanförunum áratugum hefur oft gustað um Hæstarétt m.a. vegna dóma um óheimilt framsal löggjafarvalds og raunar framkvæmdavalds. Deilt hefur verið um dóma um fiskveiðistjórnunarlöggjöf, um jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár í öryrkjadómnum svokallaða og nú á síðustu tíu árum eða svo hefur athyglin beint sífellt meira að dómum, sönnunarmati og refsingum í kynferðisbrotamálum, ekki sízt brotum gegn börnum.

Oft hefur andað köldu frá framkvæmdavaldinu til Hæstaréttar, þótt ekki hafi farið mikið fyrir því í fjölmiðlum. Árið 1999 var beinlínis gerður aðsúgur að Hæstarétti af hálfu þeirra sem óánægðir voru með dóm í tilteknu kynferðisbrotamáli, sá aðsúgur var gerður með tölvubréfum og munu hafa borizt mikið á annað þúsund tölvubréf til réttarins og einstakra dómara.

Í gagnrýni á réttinn hefur mér oft fundizt eins og fornkveðið er: Þeir tala mest um Ólaf kóng, sem hvorki hafa heyrt hann né séð.

Ekki verður dregið í efa, að dómstóll geti misboðið siðferðiskennd samfélagsins. Hæstiréttur Íslands verður sízt

af öllu sakaður um það. Við mættum vera þakklát ef allar opinberar stofnanir sinntu verkefnum sínum jafn vel og Hæstiréttur hefur gert undanfarin ár og raunar allan starfstíma sinn.

Hættan af múgþrýstingi

Fjármálahrunið haustið 2008, fyrir rúmu ári, hefur leitt til þjóðfélagsástands sem er gjörsamlega ólíkt nokkru því sem við höfum áður þekkt. Því fer fjarri að öll kurl séu komin til grafar. Samt sem áður er ljóst, að mikill fjöldi fólks hefur orðið fyrir miklu fjárhagslegu og félagslegu tjóni. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis mun sjálfsagt varpa ljósi á það hvað í raun og veru gerðist, allt frá einkavæðingu ríkisbankanna 1999 til og með 2003 og eftir þann tíma. Vonandi verður í skýrslunni einnig dregið fram að hve miklu leyti fjármálahrunið hér var hreint sjálfskaparvíti og hvað stafaði frá þróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum undanfarin 17-18 ár að minnsta kosti.

Birtingarmynd ástandsins kom auðvitað mjög vel fram í hinni svokölluðu búsáhaldaþýlingu í fyrravetur, hún kemur líka mjög skýrt fram í þeirri heift sem virðist gegnsýra þjóðfélagið. Ekki er hægt að draga neitt úr því, að öflugasta félagskenndin þessa mánuðina virðist vera hatur og heift.

Mættum við þó vera minnug orða Meistara Jóns Vídalíns:

„En sá, sem reidur er, hann er vitlaus. Og því segir Horatíus, að hún sé nokkurs konar stutt æði, teiknandi þar með, að enginn sé munur þess, sem reidur, og hins, sem vitstola er, nema að reidinn varir skemur, æðið lengur, og eru þó dæmi þess, að sumir hafa búið svo lengi að heiftinni, að þeir hafi aldrei orðið heilvita aftur. Heiftin er eitt andskotans reidarslag.“

Annar vitur maður mun eldri, Alcuin, enskur lærður maður sem var kennari og ráðgjafi við hirð þess sem við köllum Karlamagnús um aldamótin 800, sagði um máltækið: Vox populi, vox dei, það er rödd fólksins er rödd Guðs:

„Eigi skal hlusta á þá sem segja, að rödd fólksins sé rödd Guðs, af því að

Drög að viðmiðunarreglum dómstólaráðs um málskostnaðarákvörðun á áritaða stefnu í útivistarmáli

Nýlega barst Lögmannafélagi Íslands erindi frá dómstólaráði, þar sem leitað er umsagnar félagsins um drög að viðmiðunarreglum ráðsins um málskostnaðarákvarðanir á áritaðar stefnur í útivistarmálum, samkvæmt 113. gr. laga nr. 91/1991.

Í svari stjórnar Lögmannafélagsins er gerður fyrirvari um lagalega heimild ráðsins til að ákvarða með samræmdum hætti málskostnað í einkamálum. Sömu sjónarmið eigi við og um fjárhæð þóknunar í gjafsóknarmálum enda þótt lýsa megi ánægju með að viðurkenndar séu tiltekna lágmarksfjárhæðir málskostnaðar í útivistarmálum. Hins vegar

mótmaelir Lögmannafélagið því að í umræddum reglu-
drögum sé hvergi að finna heimild til handa dómara að ákvarða málskostnað á grundvelli hagsmunatengingar, sem dómstólar hafi þó fram til þessa viðurkennt sem viðmiðunargrundvöll. Þess í stað séu settar sérstakar skorður við ákvörðun málskostnaðar umfram kr. 500.000. Bendir Lögmannafélagið á að óeðlilegt sé að viðurkenndum reglum um hagsmunatengingu þóknunar sé varpað fyrir róða þar sem þær endurspegli í raun þá miklu ábyrgð sem á lögmonnum hvílir við rekstur stærri mála.

II

múgæði fjöldans er ávallt nærri sturlun.“

Prýstingurinn á dómstólana að „dæma þessa andskota“ verður mjög mikill. Hættan er þegar orðin sýnileg af því að hinir sérstöku saksóknarar fari að minnsta kosti alveg á mörk valdsviðs síns samkvæmt lögum nr. 135/2008 og þar með óvarlega í meðferð rannsóknar- og ákærvalds hinna sérstöku saksóknara.

Aðrar þjóðir þurftu á tuttugustu öld að glíma við mjög alvarlegar afleiðingar stórkostlegra hremminga og tókst mjög misjafnlega. Eftir síðari heimsstyrjöld þurftu Norðmenn meðal annars að gera upp við þá sem gengið höfðu á mála hjá þýzka innrásarhernum og hernámsliðinu og með því og fleiri verkum framið landráð. Þótt nærri sextíu og fimm ár séu frá lokum styrjaldarinnar er beiting refsheimilda í Noregi eftir stríð ennþá efni rannsókna og deilna þar í landi.

Norðmönnum var ýmsum refsað samkvæmt lögum sem ekki voru komin í gildi fyrr en eftir að verkin voru framin, dauðarefsing var tekin upp á ný og önnur refsiviðurlög, sem ekki höfðu áður verið til, voru fest í lög. Alls voru 45 manns dæmdir til dauða og 37 teknir af lífi.

Til samanburðar má benda á, hvernig tekið var á málum í Suður-Afríku eftir að aðskilnaðarlög voru afnumin og ríkisstjórn aðskilnaðarsinna komið frá völdum. Þeir sem viðurkenndu brot sín, hvítir og svartir, fyrir Sannleiksráðinu voru ekki dregnir fyrir dóm.

Þótt fjarri fari því að við getum borið ástandið hér saman við það sem var í Noregi eftir stríð eða í Suður-Afríku fyrir 15 árum, er samt þegar orðið ljóst að tilhneigingin til þess að setja afturvirkar reglur er þegar komin af stað. Ég óttast ekki í sjálfu sér, að íslenskir dómstólar taki upp á því að beita afturvirkum refsíákvæðum, en það er fleira að varast. Í ákæru- og dómvenjum hafa mótazt mjög ákveðnar reglur um frestun ákæru, skilorðsbindingu dóma og annars tillits sem taka skal mið af við ákvörðun refsinga, sbr. VI. og VIII. kafla almennra hegningarlaga. Óttast má, að dómstólar verði fyrir miklum þrýstingi að sniðganga þær venjur sem mótazt hafa um slíka framkvæmd. Þótt í smáu sé, sér þessa þegar merki í dómum héraðsdómstóla svo og í málum af öðrum toga, sem beint eða óbeint tengjast hruninu.

Hvers á samfélagið að krefjast af réttinum

Einhvern tíma á ofanverðri síðustu öld var hinn kunní kínverski stjórnma-
leiðtogi Sjú en Læ spurður hver hann teldi hafa verið áhrif Frönsku stjórnar-
byltingarinnar tæpum 200 árum fyrr, hann svaraði því til að of snemmt væri að segja til um það.

Svipað mætti ef til vill segja um Hæstarétt Íslands á 90 ára afmæli réttarins, of snemmt er að segja til um áhrif hans. Hitt er ekki of snemmt að hugleiða, hvers samfélagið á að krefjast af réttinum.

Samfélagið á rétt á því, að Hæstiréttur láti ekki undan ómálefnalegum þrýstingi, hvaðan sem hann kemur og fari í störfum sínum **einungis eftir lögnum**.

ORATOR félag laganema hélt hátíðarmálþing 16. febrúar 2010 í tilefni af 90 ára afmæli Hæstaréttar. Greinin var flutt sem erindi á málþinginu. Í greininni er sleppt ýmsum persónulegum atriðum, sem frekar eiga heima í erindi en grein.

Af Merði lögmanni

Ástandið hjá Merði er jafnt slæmt og áður. Þegar bankarnir réðu lögmenn á himinháum launum varð Mörður útundan af einhverjum ástæðum. Sennilega ekki talinn hafa þann sjarma sem bankalögmenn þurfa að hafa. Útrásarvíkingar höfðu heldur engan áhuga á Merði. Það kann líka að hafa eitthvað með útlitið að gera og svo er Mörður ekki lipur skíðamaður.

Því var lítið annað að gera hjá Merði í góðærinu en að skipta dánarbúum hjá gömlum sveitungum. Svo náði Mörður á tímabili að væla út hjá héraðsdómstólunum nokkur þrotabú til skipta en það hætti þegar lítil bólaði á skiptalokum.

Eftir fall bankanna taldi Mörður óhugasandi annað en að hann færi í skilanefndir og slitastjórnir enda eini lögmaðurinn sem ekki var flæktur inn í bankana og útrásina. Enn var horft framhá Merði og ungir og óreyndir lögmenn sem taka þóknun á tímann sem nemur vikulaunum Marðar voru ráðnir þess í stað.

Nú er svo komið að Mörður er við það að fara á hausinn. Varð á í góðærinu að kaupa bíl með gengistryggðu láni sem að auki er alltaf að bila. Meira að segja bílflautan virkaði ekki þegar Mörður var mættur fyrir utan bankann til að mótmæla. Hann veltir fyrir sér að fá greiðsluaðlögun og nýta svo þá reynslu til að ráðleggja almenningi sem á í fjárhagsvandræðum.

Mörður hefur alltaf talið sig vera listamann í lögfræði. Greinargerðir Marðar eru með slíkum texta að höfundur Njálu væri fullsæmdur af. Ekki er málflutningur Marðar síðri. Taldi Mörður því réttast í fjárhagsvandræðum sínum að sækja um listamannalaun. Merði var hafnað þar sem annars staðar á þeim forsendum að lögfræði teldist ekki til listgreina. Annað væri ef Mörður hefði búið til bíómynd. Þá væru talsverðar líkur á listamannalaunum, sérstaklega ef myndirnar væru ~~all~~leiðinlegar.

Merði var þó bent á að útlit hans og óreiðan á skrifstofunni gæti flokkast undir gjörning. Því gæti hann sótt um tímabundin starfslaun sem nýlistamaður. Sú umsókn er til meðferðar um þessar mundir.

Mörður lætur gagnrýni um úthlutun listamannalauna sem vind um eyru þjóta. Það má ekki skerða úthlutun til menningarinnar þótt kreppi að. Ef þjóðin ætlar ekki að missa þessa miklu listamenn úr landi þarf að greiða þeim almennileg laun - það hljóta allir að sjá. Hvar væri þjóðin stödd ef kvikmyndin Löggulíf hefði ekki verið gerð? Svo ekki sé minnst á Dalalíf. Þjóðin væri andlega örkuðla.

Mörður telur að það þurfi að auka fjármagn til listarinnar og þar má ekki skilja nýlistina útundan. Auðvitað er hrúgan á skrifborði Marðar lögmanns ekki óreiða heldur tjáning listamannsins Marðar og skilaboð til umheimsins.

Merði finnst nýr heimur hafa opnast og er að hugsa um að leggja lögfræðina á hilluna og einbeita sér að listinni. Svo gæti Mörður vel hugsað sér einhver aukastörf, t.d. þingmennsku og þá helst einn í flokki því hann hefur misst trúna á Framsóknarflokkinn með feringardrengina í bílstjórasætinu.

*Til fjölda ára hefur Mörður lögmaður sent vélritaða pistla sína í Lögmannablaðið í brúnu umslagi á skrifstofu félagsins. Framvegis verða pistlarnir skannaðir inn og birtir eins og þeir koma frá lögmanninum.



Eyrún Ingadóttir

Herðubreið og Tallinn

Gönguferð á Herðubreið

Drottning fjallanna, sjálf Herðubreið, verður viðfangsefni og áskorun ársins 2010 í gönguferð félagsins og ætlar Haraldur Örn Ólafsson að leiða okkur um þá krókóttu og bröttu stíga. Betra þykir að ganga á fjallið síðla sumars og því hefur laugardagurinn 21. ágúst verið valinn. Farið verður með rútu frá Akureyri klukkan 8:30 um morguninn. Gangu á Herðubreið tekur um sex klukkustundir og er áætlað að koma niður um kl. 18:00. Þá verður grillað og gíst í Þorsteinsskála í Herðubreiðarlindum. Lagt af stað kl. 12:00 á sunnudegi til Akureyrar og er áætlaður komutími þangað kl. 14:30. Þátttakendur sjá sjálfir um að koma sér til Akureyrar en þeir sem vilja geta tekið áætlunarflug frá Reykjavík til Akureyrar á laugardagsmorguninn kl. 7:45 og verða sóttir á flugvöllinn kl. 8:30. Athugið að gangu á Herðubreið er erfið enda fjallið bratt og hættulegt á köflum. Lofthræddir þurfa því að hugsa sig tvisvar um og vegna hættu á grjóthruni verður hópurinn að halda sig þétt saman á ákveðnum svæðum. Krafa er gerð til þátttakenda um að þeir komist upp að steini á Þverfellshorni Esjunnar á 65 mínútum.

Námsferð til Tallinn

Á öðrum stað í blaðinu er auglýst námsferð til Tallinn í Eistlandi frá miðvikudeginum 22. september til mánudagsins 27. september. Tallinn er ein fallegasta borg Evrópu með

borgarmúrum frá miðöldum og gömlum bæjarhluta sem á engan sinn líka. Saga Eistlands er dramatísk enda hafa þeir löngum búið við ofríki nágretta sinna. Flogið verður til Tallinn með millilendingu í Stokkhólmi. Á fimmtudeginum er skipulögð ferð um borgina og föstudeginum verður varið að mestu í faglega dagskrá. Á laugardeginum verður dagsferð út úr borginni og farið í Þjóðgarð Eistlendinga meðal annars. Um kvöldið verður hátíðarkvöldverður á miðaldaveitingastað sem þykir afar skemmtilegur. Sunnudagurinn er ekki skipulagður en siglt verður til Helsinki snemma á mánudagsmorguninn og svo flogið heim síðar um daginn.

Námskeið vorannar

14 námskeið eru haldin á vorönn 2010 en að jafnaði eru þau tíu til tólf á önn. Ástæðan er sú að á síðasta ári voru námskeið félagsins óvenju vel sótt og það hleypti okkur kapp í kinn við skipulagninguna. Námskeiðin hófust strax um miðjan janúar með skiptum dánarbúa, lögerfðareglum, erfðaskrá og öðrum erfðagerningum sem Steinunn Guðbjartsdóttir hrl. kenndi. Svo var námskeið í nýjum skattareglum með Jóni Elvari Guðmundssyni hdl. og slitameðferð fjáramálafyrirtækja með Halldóri H. Backman hrl. Ása Ólafsdóttir hrl. kenndi tvö námskeið um nýju greiðsluáðlögunarlögin, annars vegar fyrir starfsfólk lögmansstofa og hins vegar fyrir starfandi lögmenn. Svo

var haldið námskeið í skattalegri meðferð dánarbúa og þrotabúa sem Guðmundur Skúli Hartvigsson hdl. kenndi. Öll þessi námskeið voru vel sótt en fella þurfti niður námskeið í Evrópu- og EES rétti. Einungis eitt námskeið var haldið í marsmánuði, vitna- og aðilaskýrslur fyrir dómi þar sem dr. Jón Friðrik Sigurðsson, yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítala og prófessor kenndi ásamt Sigurði Tómasi Magnússyni hrl. og Kristínu Edwald hrl. Þar var brugðið á leik og sett upp drama til að þátttakendur upplifðu hvernig best væri að fá vitni til að tjá sig um staðreyndir og hve mikið væri að marka framburð vitna.

Næstu námskeið eru: Húsbónda-ábyrgð í skaðabótarétti og mörk hennar sem Hákon Árnason hrl. kennir 8. apríl, Kynferðisbrot sem Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl. og Svala Ólafsdóttir, lögfræðingur kenna 14. apríl, Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja sem Ólafur Reynir Guðmundsson lögfræðingur kennir ásamt Kristni Sigtryggssyni endurskoðanda 20. apríl og Auðgunarbrot sem Björn Þorvaldsson saksóknari kennir 18. maí. Einnig verða tvö námskeið til gamans og skemmtunar; Tíu sérvaldin tónverk, ostar og vín sem Ólafur Reynir Guðmundsson lögfræðingur og píanóleikari kennir 16. apríl og Jarðfræði út um bílgluggann sem Sigríður Petra Friðriksdóttir, jarðfræðingur kennir 20. maí.

Samkeyrsla upplýsinga vegna lögbundins eftirlits með lögmönnum

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn hefur Lögmannafélag Íslands með höndum margþætt eftirlitshlutverk með lögmönnum. Eftirlitshlutverk Lögmannafélagsins hefur aukist gríðarlega á síðustu tíu árum, enda hefur félagsmönnum fjölgað um ríflega 60% á þessu tímabili. Þessi mikla fjölgun lögmanna og sú staðreynd að nýir lögmenn koma nú úr lagadeildum a.m.k. fjögurra háskóla, hefur haft í för með sér að lögmenn og dómarar þekkja síður deili á lögmönnum en áður og því hætta á að nauðsynlegar upplýsingar, t.d. um gjaldþrot eða refsíðoma lögmanna, berist félaginu ekki. Jafnframt hafa þessar breytingar leitt til þess almennt að „manuelt“ eftirlit

félagsins með félagsmönnum er því sem næst orðið óframkvæmanlegt.

Til að tryggja betur lögbundið eftirlit Lögmannafélagsins hefur stjórnin kannað möguleika á reglubundinni samkeyrslu ýmissa opinberra upplýsinga og tiltekinn viðskiptaupplýsinga einkafyrirtækja við skrá félagsins yfir lögmenn með virk málflytningsréttindi. Þær upplýsingar sem hér um ræðir eru t.a.m. úr sakaskrá, skrá Lánstrausts hf. um gjaldþrot, skrár íslenskra váttryggingarféлага um gildar starfsábyrgðartryggingar lögmanna á hverjum tíma og loks upplýsingar fjármálastofnana um skráða fjárvörslureikninga lögmanna. Með slíkri samkeyrslu upplýsinga mætti tryggja mun nákvæmara eftirlit og leiða

fyrir í ljós atvik sem haft geta áhrif á málflytningsréttindi lögmanna og þá um leið bregðast fyrir við með viðeigandi hætti. Hefur félagið þegar fengið jákvæð viðbrögð frá þeim aðilum sem leitað hefur verið til en Persónuvernd hafði áður staðfest að vinnsla slíkra persónuupplýsinga geti stuðst við heimildir í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, að því gættu að farið sé að öllum kröfum þeirra laga.

Lögmannafélagið mun á næstu vikum vinna að frekari útfærslu þeirra eftirlitsferla sem um ræðir í samráði við hlutaðeigandi og Persónuvernd.

II

Beiðni um niðurfellingu málflytningsréttinda

Í byrjun árs sendi stjórn Lögmannafélags Íslands beiðni til dómsmála- og mannréttindaráðherra, um niðurfellingu málflytningsréttinda 17 félagsmanna vegna vanskila á fjárvörslufirilingum vegna ársins 2008, sem skila þurfti fyrir 1. október 2009, samkvæmt inntaki 2. mgr. 23. gr. lögmanna laga nr. 77/1998. Í framhaldi af aðgerðum félagsins skiluðu ellefu lögmenn inn fullnægjandi yfirlýsingum, tveir lögmenn kusu að leggja inn málflytningsréttindi sín en mál þriggja lögmanna eru enn í meðförum ráðuneytisins.

II

**GAGNAGEYMSLAN**

Við geymum
og þjónustum
skjölín þín!

Smiðshöfða 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>

Túlkur - Þýðandi

- Sandra M. Steinarsdóttir

Túlkur og þýðandi úr pólsku

Farsími: 669-1004

Netfang: polanska@internet.is


- Inga Sólonsdóttir

Túlkur og þýðandi úr litháísku

Farsími: 896-2850

Netfang: ingasolon@simnet.is

Margra ára reynsla,
vönduð og fagleg vinnubrögð



Leikararnir Saga Garðarsdóttir og Kolbeinn Arinbjörnsson eru nemar við Leiklistarskóla Íslands og áttu stórleik að mati viðstaddra.

Uppákoma á námskeiði

Um miðbik námskeiðsins vitna- og aðilaskýrslur fyrir dómi, sem haldið var hjá LMFÍ 11. mars sl., gekk inn ung kona og tók sér sæti frammarlega í kennslustofunni. Þegar hálf tími var eftir af námskeiðinu stöðvaði bíll fyrir utan LMFÍ með látum og konan rauk út. Uppi varð fótur og fit meðal þátttakenda þegar þeir fylgdust með hörðum átökum milli hennar og manns sem hafði ekið bílnum. Sumir ruku út til að aðstoða konuna, aðrir hringdu í 112 en skyndilega datt allt í dúnalogn. Þá var þátttakendum sagt frá því að atburðirnir hefðu verið settir á svið af einum kennara námskeiðsins, Sigurði Tómasi Magnússyni hrl. og kennara við Háskólann í Reykjavík, til þess að sýna

fram á hversu mismunandi vitni upplifðu atburði. Búið var að setja upp réttarsal í bókasafninu og þangað fóru nemendur til að hlusta á vitnaleiðslur.

Þátttakendur námskeiðsins voru settir í hlutverk saksóknara, verjanda og vitna. Nokkur munur var á hvernig vitni upplifðu atburðinn. Þannig varð grái fjölskyldubíllinn, sem sést á myndinni að ofan, að dökkum, tveggja dyra sportbíl í framburði eins vitnisins. Í lokin settust „gerandi“ og „þolandi“ í vitnastúkuna og lýstu atburðum eins og þeir gerðust. Það skal tekið fram að öll vitnin voru allsgáð og óvenju skammur tími leið frá því að atburðir gerðust og þar til skýrslutökur fóru fram.

Umsagnir þátttakenda:

„Þetta var vægast sagt undarleg uppákoma. Ég áttaði mig í sjálfu sér ekki á því hvað var að gerast, enda sat ég ekki gluggamegin í salnum og sá því ekki neitt. Mér brá þó eins og öðrum, sérstaklega þegar einhver fór að tala um að ekið hefði verið á gangandi vegfaranda. Ég tók upp símann og hringdi í 112, enda taldi ég fullvíst að eitthvað alvarlegt hefði átt sér stað! Þessi uppákoma var ótrúlega lærdómsrík og maður fékk að sjá það frá fyrstu hendi hversu erfitt það getur verið fyrir vitni að lýsa atburðum sem það varð vitni að. Í þessu tilfelli liðu ekki nema 15-20 mínútur frá atburðinum og þangað til vitni gáfu skýrslu en þau áttu samt í vandræðum með það.“

„Þetta var mjög raunverulegt, gerdist mjög hratt og skildi áhorfendur eftir í hálfgerðu sjokki.“

„Mjög fróðlegt að fylgjast með hvað vitni eru í rauninni „léleg“, t.a.m. það að veita ekki athygli fyrsta högginu frá konunni. Líklega göngum við öll út frá því að konur byrji ekki líkamleg átök og þeir fordómar okkar skila sér í því að við veitum slíku síður athygli.“



„Vitni“ spurt um málsatvik í réttarsal.



Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands

Aðkoma leikmanna að úrlausn sakamála

Samkvæmt nágildandi lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, er gert ráð fyrir að leikmenn, þ.e. aðrir en löglærðir menn, geti komið að úrlausn sakamála með tvennum hætti. Í fyrsta lagi sem sérfróðir meðdómendur ef deilt er um staðreyndir og þörf er á sérkunnáttu í dómi, annarri en lagaþekkingu, til að leysa úr málinu, sbr. 3. og 5. mgr. 3. gr. laganna. Í öðru lagi sem dómkvaddir matsmenn ef leggja þarf sérfræðilegt mat á eitthvert atriði, sem þýðingu kann að hafa fyrir úrslit málsins, sbr. 1. mgr. 128. gr. laganna. Slíkir sérfróðir matsmenn koma ekki að úrlausn máls með beinum hætti, eins og sérfróðir meðdómendur, vegna þess að dómurum, þ. á m. þeim sem ráða yfir annars konar sérfræðiþekkingu en lögfræðilegri, er ætlað að leggja mat á sönnunargildi matsgerða, sbr. 2. mgr. 133. gr. laganna.

Kviðdómar

Þetta eru undantekningar frá þeirri meginreglu, sem nú ríkir hér á landi, að löglærðir dómárar skuli einir leysa úr sakamálum, þá jafnt lagaatriðum sem sönnunaratríðum. Þessi skipan er þó alls ekki sjálfsgöð vegna þess að víða erlendis, þ. á m. í mörgum af okkar nágrennalöndum, tíðkast það að

leikmenn taki virkan þátt í úrlausn sakamála, ýmist sem kviðdómendur eða meðdómendur. Munurinn á þessum tvenns konar dómendum er sá að kviðdómendur leysa einir og sér úr tilteknum álitafnum, sem oftast nær lúta að sönnunaratríðum, meðan meðdómendur sitja í dómi og leysa úr málinu í heild, ásamt löglærðum dómurum. Síðarnefnda skipanin tíðkast t.d. í ríkum mæli í Noregi, þar sem meðdómendur koma gjarnan úr röðum almennra borgara án sérþekkingar á tilteknum sviðum. Þar í landi þekkist einnig að kviðdómendur komi að úrlausn alvarlegustu sakamála, svo sem manndrápsmála.

Þótt kviðdómar séu ekki eins algengir og áður var standa þeir enn traustum fótum víða um heim, ekki síst í Bandaríkjunum, þar sem mælt er svo fyrir í bandarísku stjórnarskránni að kviðdómendur skuli koma að úrlausn sakamála. Hlutverk kviðdóma og reglur um skipun þeirra og starfshætti eru mismunandi frá einu landi til annars, meira að segja frá einu ríki Bandaríkjanna til annars. Meginreglan er þó sú að kviðdómendur, sem kvaddir eru til eftir að ákæra hefur verið gefin út í sakamáli, eiga að taka afstöðu til þess hvort ákærði sé sekur eða sýkn saka („guilty or not guilty“) á grundvelli

þeirra sönnunargagna sem fram hafa verið færð í málinu. Löglærður dómari, sem stýrir þinghaldinu og veitir kviðdómendum lögfræðilegar leiðbeiningar, tekur síðan ákvörðun um refsingu ákærða ef hann hefur verið fundinn sekur af kviðdómimum.

Kostir og gallar kviðdóma

Hér á landi er það útbreidd skoðun, að minnsta kosti meðal lögfræðinga, að ekki sé æskilegt að leikmenn komi að úrlausn sakamála, ef frá eru taldir sérfróðir meðdómendur og matsmenn. Hafa ýmis rök verið færð gegn því að taka upp kviðdóma á ný, en þeir þekktust sem kunnugt er hér á landi á þjóðveldisöld, t.d. búakviður, sem skipaður var nágrönnum sakbornings og var m.a. ætlað að láta í ljós álit á því hvort hann væri líklegur til að hafa framið brotið, sem honum var gefið að sök, vegna þess hvern mann hann hefði að geyma. Það sem helst hefur verið fundið kviðdómum til foráttu er að tiltölulega auðvelt sé að hafa áhrif á kviðdómendurna, ekki síst fyrir reynda málafærslumenn, þannig að hættara væri við því en ella að úrslit máls yrðu efnislega röng. Fleiri rök mætti að sjálfsgöðu nefna, sem mæla á móti þessari skipan, svo sem þau að málsmeðferð yrði þyngri í vöfum og kostnaður við hana meiri.

Peir sem aðhyllast kviðdóma telja hins vegar að þeir hafi ótvíræða kosti umfram þá skipan sem hér er við lýði. Ein veigamestu rökin, sem færð hafa verið fyrir kviðdómakerfinu, eru þau að það sé meira jafnræði í því fólgið fyrir sakaðan mann að vera dæmdur af samborgurum sínum heldur en embættisdómurum sem séu fulltrúar ríkisvaldsins á sama hátt og sóknaraðili málsins. Þá er það ótvíræður kostur við kviðdóma að almennum borgurum finnst þeir vera eins konar hluti af dómskerfinu með því að þeir kunni að verða kvaddir til þess að taka virkan þátt í störfum dómstólanna. Slíkt getur stuðlað að auknu trausti almennings á dómstólunum. Loks auðveldar það

borgurunum að fylgjast með meðferð máls fyrir dómi ef málið er flutt fyrir þeirra líkum í stað þess að þurfa að hlýða á málflytjendur reifa málið á framandi lagamáli fyrir löglærðum dómurum.

Þar sem allir þekkja alla

Fámennið hér á landi, þar sem „allir þekkja alla“ – eða þar um bil – hefur af mörgum verið talinn einn helsti Þrándur í Götu þess að vekja kviðdóma til lífsins á ný. Í því sambandi minnst ég orða bandarísks lögfræðings sem hann lét falla þegar ég taldi fámennið mæla á móti hugmyndinni um kviðdóma hér í þessu 300 þúsund manna samfélagi. Svar hans var

efnislega svona: „En það er einmitt í fámeninu, þar sem allir þekkja alla, að kviðdómar eiga best heima vegna þess að þá þekkja þeir, sem skera úr um sekt eða sýknu, til sakborningsins og hugsanlega einnig til brotaþolans. Þetta hef ég eftir dómara sem fengist hefur við að leysa úr sakamálum á grundvelli úrskurðar kviðdóms í dreifbýlinu í einu af miðvesturríkjunum.“ Við þessu átti ég ekkert svar, enda hafði þá löngu gert mér ljóst að bandarískir lögfræðingar líta á ríki, þar sem ekki þekkjast kviðdómar, sem vanþróuð réttarríki. En er afstaða okkar íslenskra lögfræðinga til kviðdóma ekki sama marki brennd, þótt með öfugum formerkjum sé?

Af vettvangi félagsins

Fjárhæð þóknunar lögmanna og sérfróðra meðdómsmanna í gjafsóknarmálum

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur að undanfögnu átt í bréfskiptum við dómstólaráð í tilefni af setningu viðmiðunarreglna nr. 5/2009 um fjárhæð þóknunar lögmanna í gjafsóknarmálum og þóknun sérfróðra meðdómsmanna, sem samþykktar voru í dómstólaráði 21. desember 2009 og tóku gildi 1. janúar 2010.

Í bréfi stjórnar félagsins til formanns dómstólaráðs var lýst vonbrigðum með þau vinnubrögðum sem viðhöfð voru við setningu umræddra reglna og jafnframt óskað eftir að upplýst yrði á hvaða lagagrunni þessar nýju reglur væru settar. Ennfremur óskaði félagið eftir upplýsingum frá ráðinu varðandi þá aðferðarfræði sem notuð var við ákvörðun þóknunarfjárhæða, bæði til lögmanna og sérfróðra meðdómsmanna.

Í svari dómstólaráðs er vísað til 4. tl. 14. gr. dómstólalaga nr. 15/1998, sem ráðið segir grundvöll umræddrar reglu-setningar. Þar komi m.a. fram að hlutverk dómstólaráðs sé að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstólana. Reglurnar séu hins vegar aðeins viðmiðunarreglur sem dómara geta haft til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar, en þær séu ekki bindandi fyrir þá. Varðandi grundvöll fjárhæða þóknunar til lögmanna vísaði ráðið til þess að eðlilegt væri að samræmi væri milli tímagjalds í sakamálum og gjafsóknarmálum þar sem þóknunin væri í báðum tilvikum greidd úr ríkissjóði. Þá segir um grundvöll þóknunarfjárhæða til sérfróðra meðdómsmanna að miðað sé við kr. 6.000 tímagjald þegar meðdómendur eru almennir launþegar en kr. 10.000 í þeim tilvikum sem með-

dómendur hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.

Stjórn Lögmannafélagsins andmælti því að ákvæði 4. tl. 14. gr. dómstólalaga veiti ráðinu heimild til að setja viðmiðunarreglur varðandi það hvernig dæma skuli um tiltekna þætti í kröfugerð einkamála. Jafnframt telur stjórn félagsins þau sjónarmið sem dómstólaráð hafði til hliðsjónar við ákvörðun þóknunarfjárhæða í gjafsóknarmálum, þ.e. að líta til þóknunar í opinberum málum þar sem í báðum tilvikum sé þóknun greidd úr ríkissjóði, ekki réttmæta. Hefur stjórn Lögmannafélagsins lýst því yfir að hún muni skoða þetta mál frekar, enda sé um mikla afturför að ræða, sér í lagi fyrir efna-minni umbjóðendur lögmanna.

II



Stjórn FKL. F.v. Katrín Theodórsdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Bjarnveig Eiríksdóttir, Berglind Svavarsdóttir og Pýrí Halla Steingrímisdóttir.

Endast konur skemur í lögmennsku en karlar?

Félag kvenna í lögmennsku efndi til fundar í desember þar sem spurningunni um hvort konur endast skemur í lögmennsku en karlar var velt upp og ef svo væri þá hver ástæðan gæti verið. Í byrjun greindi Hafdís Jónsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri, frá aðgerðum félagsins til að jafna stöðu kynja í stjórnum fyrirtækja.

Fleiri konur útskrifast úr háskólum en ...

Í dag eru konur í Lögmannafélagi Íslands 25,4% félagsmanna, 204 á móti 600 körlum. Til samanburðar má geta þess að árið 2000 voru konur tæplega 15% félagsmanna og árið 2006 voru þær 22%. Aukningin sést líka á aldurssamsetningunni því rúmlega 80% kvenna eru yngri en 50 ára á meðan 58,5% karla eru undir 50 ára.

Á árabílinu 2005 til 2009 útskrifuðust 15% fleiri konur með meistaragráðu í lögfræði úr háskólunum fjórum, eða 247 konur á móti 214 körlum, en á sama tíma hafa 55% fleiri karlar lokið hdl.-námskeiði, eða 138 karlar á móti 89 konum. Það er óneitanlega athyglisvert að konur sækja minna í að afla sér lögmennsréttinda en karlar. Annað sem vekur athygli er að þrátt fyrir að konur

séu ekki nema um fjórðungur lögmanna er lítill munur á kynjunum þegar horft er til þeirra sem lagt hafa inn réttindi sín hjá LMFÍ frá 2003.

Þetta sýnir annars vegar að fjölgun kvenna í lögmennsku helst ekki í hendur við fjölgun kvenna sem útskrifast með meistarapróf í lögum og hins vegar að sterkar líkur benda til þess að konur í lögmennsku leggi frekar inn réttindi sín en karlar.

Mismunandi staða karla og kvenna í lögmennsku?

Af umræðum á fundinum mátti ráða að ýmsar ástæður geta legið fyrir því að konur stoppi skemur í lögmennsstarfinu en karlar, svo sem eins og ófjölskylduvænt starfsumhverfi sem kemur harðast niður á fjölskyldum með ung börn. Talað var um mikið vinnuálag, óheppilegan vinnu-

og fundartíma og ójafna stöðu þegar kemur að stöðuhækkunum og öðrum vegtyllum innan fyrirtækja. Á móti kemur að sjálfstætt starfandi lögmaður hefur að sönnu tækifæri til að stilla fundartíma sína að þörfum fjölskyldunnar og tækifæri til að vinna heima þegar t.d. barn er veikt. Sama svigrúm hafa fulltrúar hjá sjálfstætt starfandi lögmönnum ekki, nema vinnustaðurinn sé sniðinn að fjölskyldulífi starfsmanna fyrirtækisins eins og nú tíðkast víða hjá framsæknum fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Gera má ráð fyrir að mikið vinnuálag komi harðar niður á sjálfstætt starfandi lögmönnum en fulltrúum sem oftast en ekki eru ráðnir upp á ákveðinn vinnutíma og geta gengið út að þeim tíma liðnum. Þá var bent á að meiri hættu væri á að konur brenni fyrr upp en karlar vegna erfiðra málaflökka sem konurnar taka gjarnan að sér enda þótt vinna við þá skili oftast en ekki færri krónum í kassann en t.d. bústjórn stórra



F.v. Helga Leifsdóttir, Guðlaug B. Ólafsdóttir, Bjarnveig Eiríksdóttir, Ingibjörg Bjarnardóttir, Helga María Pálsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Pýri Halla Steingrímsdóttir, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Berglind Svavarsdóttir, Vigdís Ósk Sveinsdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Katrín Theodórsdóttir, Hildur Friðleifsdóttir og ...???

og meðalstórra þrotabúa, einkum nú eftir hrun. Að síðustu var því velt upp hvort fyrirtækjamenning væri það karllæg að konum líði ekki eins vel á vinnustaðnum og vænta mætti. Engum blöðum er um það að fletta að lögmannastéttin hefur til skamms tíma talist meðal helstu karlastétta samfélagsins. Ljóst er þó að miklar breytingar hafa átt sér stað í stéttinni frá því t.d. að frumkvöðlarnir Auður Þorbergsdóttir, Ragnhildur

Helgadóttir og Guðrún Erlendsdóttir voru að stíga sín fyrstu spor í lögmennsku á Íslandi en þær voru heiðraðar á eftirminnilegum fundi FKL 16. mars 2007 og sögðu af því tilefni frá reynslu sinni úr starfi.

Þörf rannsókna á eðli, aðstöðu og þróun vinnuumhverfis

Af þeirri umræðu sem fram fór á fundinum má ráða að fjöldi spurninga er enn ósvarað og væri verðugt að athuga til dæmis ástæður þess að aukning útskrifaðra kvenna úr lagadeildum háskólanna skili sér ekki betur í raðir félagsmanna LMFÍ. Hér þarf að kanna hvort kerfislægar ástæður hafi áhrif eins og tiltekin viðhorf innan stéttarinnar eða starfsmenning fyrirtækjanna. Bandarískar kannanir hafa sýnt að á vinnustöðum þar sem karlar eru í meirihluta hafa konurnar kvartað yfir því að erfitt sé að koma til móts við ríkjandi hæfiskröfur þar sem mismunandi kröfur séu gerðar til kynjanna og minna svigrúm sé fyrir konurnar til að misstíga sig. Skoða verður hvort möguleikar kvenna í lögmennsku til frama innan síns starfssviðs og vinnustaðar ákvarðist af hæfni þeirra eða öðrum gildum svo og hvort og hvernig aðrar stofnanir samfélagsins hafi áhrif á starfsumhverfið. Við nýlegri fyrirspurn á

Alþingi kemur til dæmis fram að ekki var farið að jafnréttislögum við skipun skilaneftnda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings banka af hálfu ríkisvaldsins og Fjármálaeftirlitsins og látið hjá líða að beina þeim tilmælum til þeirra aðila sem nefndirnar skipa að fara að jafnréttislögum við skipan í stjórnir fyrirtækja og dótturfyrirtækja.

Skoða verður hvort tryggt sé að kynin sitji við sama borð við úthlutun þrotabúa eða hvort önnur sjónarmið ráði úthlutun þeirra. Athuga þarf hvort takmörkun gjafsóknar eða lækkingu þóknunar til verjenda- og réttargæslumanna komi mismunandi við starfandi lögmenn eftir kynferði og hvort kyn lögmanns hafi áhrif á ákvörðun dómara um þóknun til þeirra. Skortur á faglegum rannsóknum kemur í veg fyrir að unnt sé að svara þeim spurningum sem hér hefur verið varpað fram með nægilegri vissu. Margir hafa haldið því fram að konur séu almennt vannýtt auðlind í íslensku samfélagi. Á sama tíma hefur verið viðurkennt að bestu stjórnirnar samanstanda af báðum kynjum; - konur sjái hlutina öðruvísi en karlar og þær standi fyrir öðrum gildum en þeir.

Katrín Theodórsdóttir formaður Félags kvenna í lögmennsku.



Hafdís Jónsdóttir, formaður félags kvenna í atvinnurekstri, fjallaði um konur í stjórnnum fyrirtækja og mikilvægi þess fyrir fyrirtæki og samfélagið að einsleitni í stjórnnum líði undir lok.



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.

T
C
M TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is